



STAPI
LÍFEYRISJÓÐUR

Ársfundur Stapa 2023

3. maí 2023

Dagskrá

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Hluthafastefna sjóðsins
5. Breytingar á samþykktum
6. Stjórnarkjöri lýst
7. Kosning löggilts endurskoðanda
8. Starfskjarastefna
9. Ákvörðun um laun til stjórnar
10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar
11. Önnur mál



2. Skýrsla stjórnar

Erla Jónsdóttir, stjórnarformaður



2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri



ÁRSSKÝRSLA STAPA
2022

Ársskýrslur

ÁRSSKÝRSLA STAPA LÍFEYRISSJÓÐS 2022

LYKILTÖLUR

ÁRSREIKNINGUR

REKSTUR

VERÐBRÉFAEIGNIR

ÁHÆTTUSTÝRING

FJÁRFESTINGARSTEFNA



- Tæplega 16 þúsund sjóðfélagar greiddu til sjóðsins í lok ársins frá 11 aðildarfélögum
- Iðgjöld bárust frá vel á þriðja þúsund launagreiðenda
- Mánaðarleg iðgjöld eru nú um 1.300 m.kr.



- Um 90 þúsund sjóðfélagar eiga 350 ma.kr. sparnað sem sjóðurinn varðveitir
- Eignavísitala sjóðsins lækkaði um 4% á árinu og þar með réttindasjóður sjóðfélaga
 - Ávöxtun 2019-2021 nam 13-19% sem skilaði sér beint í réttindasjóð sjóðfélaga



- Tæplega 13 þúsund sjóðfélagar þáðu lífeyri frá sjóðnum í lok ársins
- Ríflega 2 þúsund úrskurðir lífeyris framkvæmdir á árinu
- Mánaðarlegar greiðslur lífeyris nema rúmlega 800 m.kr.

	Skýr.	2022	2021	br.
Iðgjöld				
Iðgjöld sjóðfélaga		4.459.136	3.880.232	15%
Iðgjöld launagreiðenda		12.013.224	10.442.739	15%
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(230.471)	(138.621)	66%
		<u>16.241.888</u>	<u>14.184.350</u>	15%
Sérstök aukaframlög	3	593.167	526.553	13%
		<u>16.835.055</u>	<u>14.710.903</u>	14%
Lífeyrir				
Heildarfjárhæð lífeyris	4	9.353.321	8.204.765	14%
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		101.259	85.803	18%
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	5	5.075	4.939	3%
Eftirlaun frá Tryggingastofnun		(739)	(914)	-19%
		<u>9.458.916</u>	<u>8.294.592</u>	14%

- Iðgjöld vaxa um 14% milli ára
 - Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 10% og launavísitala um 12%
 - Góður vöxtur í öllum helstu atvinnugreinum
- Heildarfjárhæð lífeyris vex um 14% í takti við aukin réttindi þeirra árganga sem nú fara á lífeyri

Hreinar fjárfestingartekjur

	Skýr.	2022	2021	br.
Hreinar fjárfestingartekjur				
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .	6	(12.598.198)	47.475.521	-127%
Hreinar tekjur af skuldabréfum	7	(2.801.192)	8.224.236	-134%
Hreinar tekjur af afleiðusamningum		24.400	20.800	17%
Hreinar tekjur af fjárfestingum í íbúðarhúsnæði		0	(442)	-100%
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		32.469	27.700	17%
Vaxtatekjur af handbæru fé		384.919	(9.308)	
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		22.640	18.648	21%
Ýmsar fjárfestingartekjur		21.789	87.958	-75%
Fjárfestingargjöld	8	(57.939)	(71.434)	-19%
		<u>(14.971.111)</u>	<u>55.773.679</u>	-127%

- Mikill samdráttur fjárfestingatekna milli ára eftir framúrskarandi niðurstöðu 2021
- Hreinar tekjur af skuldabréfum markast af 4,3 ma.kr. virðislækkun Íbúðabréfa í kjölfar kynningar fjármálaráðherra á hugmyndum sínum um afturvirka lagasetningu um slit ÍL-sjóðs

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2022	2021	br.
Laun og launatengd gjöld.....	336.925	314.037	7%
Tryggingastærðfræðingur	3.582	4.190	-14%
Endurskoðun	5.625	5.789	-3%
Innri endurskoðun.....	5.455	6.037	-10%
Lögfræðikostnaður.....	13.623	6.446	111%
Fjármálaeftirlit.....	17.705	17.893	-1%
Tölvukostnaður.....	93.412	87.408	7%
Annar kostnaður.....	71.203	62.770	13%
	<u>547.530</u>	<u>504.570</u>	9%

- Kostnaðarhlutfall 0,14% af heildareignum
- Stöðugildum hjá sjóðnum fjölgaði um 0,3 á milli ára
- Lögfræðikostnaður hækkar mikið milli ára vegna kostnaðar sjóðsins í tengslum við lögfræðiráðgjöf vegna hugmynda fjármálaráðherra um afturvirka lagasetningu um slit ÍL-sjóðs




Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris

Yfirlit yfir breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	2022	2021	br.
Iðgjöld sjóðfélaga	16.835.055	14.710.903	14%
Lífeyrir	(9.458.916)	(8.294.592)	14%
Hreinar fjárfestingartekjur	(14.971.111)	55.773.679	-127%
Rekstrarkostnaður	<u>(547.530)</u>	<u>(504.570)</u>	9%
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris	(8.142.502)	61.685.419	-113%
Hrein eign í ársbyrjun	<u>357.553.530</u>	<u>295.868.112</u>	21%
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	<u>349.411.030</u>	<u>357.553.530</u>	-2%

- Hrein eign til greiðslu lífeyris lækkar um rúmlega 8 ma.kr. eða sem nemur 2%
- Hrein iðgjöld nema 7,4 mö.kr. eða sem nemur um 2% af heildareignum í upphafi árs

Eignir	Skýr.	2022	2021	br.
Fjárfestingar				
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	10	199.328.632	208.297.340	-4%
Skuldabréf	11	139.527.017	141.779.186	-2%
Afleiðusamningar		0	24.400	-100%
Bundnar bankainnstæður		265.292	310.968	-15%
		<u>339.120.941</u>	<u>350.411.894</u>	-3%
Kröfur				
Kröfur á launagreiðendur		1.693.123	1.320.679	28%
Aðrar kröfur		61.985	49.720	25%
		<u>1.755.108</u>	<u>1.370.399</u>	28%
Ýmsar eignir				
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	265.163	273.888	-3%
Handbært fé		<u>8.373.342</u>	<u>5.601.519</u>	49%
Eignir samtals		<u><u>349.514.553</u></u>	<u><u>357.657.700</u></u>	-2%
Skuldir				
Viðskiptaskuldir				
Aðrar skuldir		103.524	104.171	-1%
Skuldir samtals		<u>103.524</u>	<u>104.171</u>	-1%
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>349.411.030</u>	<u>357.553.530</u>	-2%

- Eignarhlutir í félögum og sjóðum og skuldabréf dragast saman vegna verðlækkana
- Kröfur á launagreiðendur aukast töluvert milli ára vegna aukinna umsvifa iðgjalda
 - Vanskil þó í sögulegu lágmarki
- Handbært fé óvenjulega hátt um áramót sem skýrist af gjaldeyriseign sem ekki hafði verið fjárfest fyrir á þeim tíma





- Tryggingadeild sjóðsins sem heldur utan um eftirlaun og áfallatryggingar er langstærsta deild sjóðsins með um 98% heildareigna
- Séreignardeild geymir um 2% af heildareignum sjóðsins og heldur utan um séreignarsparnað sem er laus til útgreiðslu frá 60 ára aldri
- Tilgreind séreignardeild var stofnuð árið 2017 og geymir nú 0,2% af heildareignum sjóðsins
 - Tilgreind séreign er laus til útborgunar frá 62 ára aldri



Tryggingadeild

	2022	2021	Breyting %
Iðgjöld í m.kr.	15.825	13.808	14,6%
Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga	15.686	14.970	4,8%
Heildarfjöldi greiðandi sjóðfélaga	22.185	20.834	6,5%
Fjöldi launagreiðenda	3.718	3.526	5,4%






Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar

Á árinu hófu 776 sjóðfélagar töku mánaðarlega eftirlauna, 307 einstaklingar fengu úrskurðaðan örorkulífeyri, 123 mánaðarlegan makalífeyri og 96 barnalífeyri.

Þá fengu 766 einstaklingar eingreiðslu lífeyris þar sem um lítil réttindi var að ræða, þeim fjölgaði umtalsvert frá fyrra ári því þau mörk sem miðað er við hvað eingreiðslu varðar voru hækkuð talsvert á fyrrihluta ársins. Meðalfjöldi lífeyrispega í hverjum mánuði var 12.003 og fjölgaði um 415 frá fyrra ári eða um 3,6%.

Samsetning lífeyrisgreiðslna



● Eftirlaun
 ● Örorkulífeyrir
 ● Makalífeyrir
 ● Barnalífeyrir


Ársskýrsla Stapa

Eftirlaunaúrskurðir





Fjöldi

● 2019
 ● 2020
 ● 2021
 ● 2022




Ársskýrsla Stapa








Breytingar eignavísitölu Stapa


Árleg hækkun frá 2016 nemur tæplega 8%





Séreignardeild









Tilgreind séreignardeild

Iðgjöld tilgreindrar séreignar



Ársskýrsla Stapa




Ársskýrsla Stapa



Tryggingafræðilegt mat


Unnið af Bjarna Guðmundssyni, tryggingastærðfræðingi



Tryggingafræðileg athugun

- Helstu forsendur útreikninga ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, 391/1998
- Fjármálaráðuneytið gaf út **nýjar staðalforsendur** fyrir tryggingafræðilegar athuganir í **desember 2021**
- Staðalforsendurnar eru hvað varðar örorkulíkur byggðar á athugun Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2018
 - Fyrir Stapa er gerð aðlögun varðandi örorkulíkindi með því að nota **140%** af meðaltali fyrir nýgengi örorku karla og 100% af meðaltali fyrir konur
- Lífslíkur byggja einnig á sömu athugun 2014-2018 **auk þess sem gert er ráð fyrir að dánartíðni lækki ár frá ári** í samræmi við reiknilíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga
 - Lækkandi dánartíðni kemur í fyrsta skiptið inn í tryggingafræðilega athugun íslenskra lífeyrissjóða við athugun í árslok 2021


Tryggingafræðileg staða í árslok 2022 - ma. kr. -



Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	341.130.725	0	341.130.725
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa.....	(3.970.880)	0	(3.970.880)
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	250.675.899	250.675.899
Eignir samtals.....	337.159.846	250.675.899	587.835.744
Skuldbindingar			
Eftirlaun.....	288.336.508	215.684.874	504.021.382
Örorkulífeyrir.....	40.344.089	42.913.020	83.257.109
Makalífeyrir.....	10.781.295	6.219.924	17.001.219
Barnalífeyrir.....	213.972	2.395.468	2.609.440
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar.....	4.900.044	7.470.887	12.370.932
Skuldbindingar samtals.....	344.575.909	274.684.173	619.260.082
Skuldbindingar umfram eignir.....	(7.416.063)	(24.008.274)	(31.424.338)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok.....	-2,15%	-8,74%	-5,07%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun.....	-1,12%	-9,64%	-4,75%

Breyting tryggingafræðilegrar stöðu

Breyting á tryggingafræðilegri stöðu milli ára






Vinna við innleiðingu
samþykktarbreytinga vegna nýrrar
lífslíkuspár



Fjölþættar áskoranir í eignastýringu
hækkandi vextir, verðbólga



Mörg tækifæri til frampróunar í
upplýsingatækni á næstu árum í
innra og ytra starfi



Aukin áhersla á ábyrgar fjárfestingar



Orðið er laust
Ársreikningur 2022



3. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Brynjar Þór Hreinsson, forstöðumaður eignastýringar




Fjárfestingarstefna 2022




Þróun efnahagsstærða 2022

Hækkun stýrivaxta og verðbólgu hafði neikvæð áhrif á eignamarkaði á síðasta ári

Stýrivextir Seðlabanka Íslands




Vísitala neysluverðs




Þróun eignamarkaða 2022

Lækkunir á öllum helstu eignamörkuðum




Ávöxtun eignaflokka tryggingadeildar árin 2022 og 2021

Miklar andstæður í ávöxtun á milli ára




Ávöxtun tryggingadeildar árin 2022 og 2021


Neikvæð raunávöxtun 12,6% á árinu 2022 kemur í kjölfar góðrar ávöxtunar árið áður



Langtíma nafnvöxtun



Langtíma raunávöxtun




Eignasamsetning í árslok 2022




■ Vægi 2022 ■ Vægi skv. fjárfestingastefnu

Flokkur	Staða	Markmið
Hlutabréf	52%	50%
Skuldabréf	48%	50%




Söguleg þróun á eignasafni

Vægi hlutabréfa aukist í um 50%




Vægi erlendra eigna

Aukið jafnt og þétt frá árinu 2017 – úr 25% í tæplega 40%




Nafnávöxtun séreignarsafna

Nafnávöxtun ársins 2022 og árleg nafnávöxtun síðustu fimm ára



Áhrif af lækkun íbúðabréfa á ávöxtun eignasafna


Lækkun virðis íbúðabréfa í kjölfar skýrslu fjármálaráðherra eykur neikvæða ávöxtun sjóðsins



Viðfangsefni í eignastýringu Stapa

Áskoranir

Tækifæri



Lágt vægi sjóðfélagalána



Draga úr vægi óskráðra erlendra hlutabréfa (e. Private Equity)



Auka vægi skráðra erlendra hlutabréfa




Aukin áhersla á sjálfbærar fjárfestingar



Skuldabréf sjóðsins á gangvirði lækka í virði á tímum vaxtahækkana



Mikið um uppgreiðslur veðskuldabréfa – samkeppni um álitleg verkefni



Hærra vaxtastig getur skapað tækifæri fyrir langtímafjárfesti




Enn frekari dreifing eignasafns innlendra hlutabréfa



Ávöxtun það sem af er ári 2023

Nafnávöxtun fyrstu mánuði ársins 2023


Viðunandi ávöxtun innlendra eigna í upphafi árs en styrking krónu lækkar virði erlendra eigna





Eignasamsetning árið 2023


M.v. 31. mars 2023





Nafnávöxtun séreignasafna 2023

Fyrstu þrjú mánuði ársins





Orðið er laust
Fjárfestingarstefna



4. Hluthafastefna Stapa

Brynjar Þór Hreinsson, forstöðumaður eignastýringar

Hluthafastefna og stefna um ábyrgar fjárfestingar

Hluthafastefna

- Tilgreinir hvernig sjóðurinn hagar sér sem hluthafi og hvernig við væntum þess að stjórnarháttum fyrirtækja verði háttað
 - Umboðsskylda gagnvart sjóðfélögum
 - Samskipti sem hluthafi
 - Beiting atkvæða á hluthafafundum

Framkvæmd:

- Stapi beitir atkvæðisrétti sínum í samræmi við anda hluthafastefnu sjóðsins
- Sjóðurinn á uppbyggileg samskipti við félög um stjórnarhætti þeirra – kemur á framfæri ábendingum
- Sjóðurinn gerir opinberlega grein fyrir beitingu atkvæðaréttar á hluthafafundum skráðra félaga

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

- Tilgreinir ramma um framkvæmd ábyrga fjárfestinga sjóðsins
- Stapi byggir viðmið sín um ábyrgar fjárfestingar á grunngildum íslenskra laga á sviði umhverfispáttu og félagslegra þátta – ásamt alþjóðlegum sáttmálum og samningum
- Sjóðurinn kann einnig að taka þátt í samstarfi á sviði umhverfispáttu eða félagslegra þátta

Framkvæmd:

- Umhverfispættir og félagslegir þættir hluti af greiningu fjárfestingarkosta
- Stapi kann að beita jákvæðri eða neikvæðri skimun


Þróun Stapa sem ábyrgs fjárfestis



2017: Stapi er meðal stofnaðila að IcelandSIF, óháðs vettvangs fyrir umræðu og fræðslu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar



2020: Stapi undirritar viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar



2015: Fyrsta hluthafastefna Stapa



2023: Áframhaldandi þróun Stapa sem ábyrgs fjárfestis, þróun á innri og ytri upplýsingagjöf og lykilmælikvörðum

2021: Hluthafastefna uppfærð og fyrsta stefnan um ábyrgar fjárfestingar samþykkt. Stapi gerist aðili að Climate Investment Coalition



Ráðstöfun atkvæða Stapa

Aðalfundir skráðra innlendra félaga

	Stjórnarlaun	Starfskjarastefna	Samþykktabreytingar
ARION	✓	●	✓
EIK	✓	✓	
EIM	✓	✓	✓
FESTI	✓	✓	✓
ICESEA	✓	✓	
ISB	✓	✓	
KALD	✓	●	●
KVIKA	✓	✓	✓
MAREL	✓	X	✓
NOVA	✓	✓	
REGINN	✓	✓	
REITIR	✓	✓	✓
SIMINN	✓	●	✓
SJOVA	✓	✓	
SVN	✓	✓	
VIS	✓	●	✓

X Kosið á móti ● Kosið með breytingatillögu
 ✓ Kosið með

- Stapi gætir hagsmuna sinna sem hluthafi á hluthafa- og aðalfundum innlendra félaga
- Sjóðurinn fer þar með atkvæði sitt í anda hluthafastefnu sjóðsins
- Sjóðurinn yfirfer tillögur á hluthafafundum og metur hvort ástæða sé til að bregðast við
- Ef ástæða þykir til þá komum við skoðunum sjóðsins á framfæri með samskiptum við stjórnir og/eða stjórnendur viðkomandi félaga
- Á yfirstöðnum aðalfundum félaga beitti Stapi sér:
 - Með athugasemdum og/eða greiddi atkvæði með breytingatillögum á fjórum fundum; Arion, Kaldalón, Síminn og VÍS
 - Með atkvæði á móti tillögu stjórnar á einum fundi; Marel

Kaldalón hf. – Stapi 9,9% hluthafi

Ábendingar við starfskjarastefnu og kaupréttarsamninga – kosið með breytingatillögu

- Stapi **kom á framfæri ítarlegum ábendingum** við fyrirbyggjandi starfskjarastefnu Kaldalóns hf.
 - Ábendingarnar lutu að því að skýra nánar og afmarka ákveðna þætti í starfskjarastefnunni – til að mæta betur viðhorfum Stapa samkvæmt hluthafastefnu sjóðsins
 - Nánar tiltekið var talið að **upprunalegar tillögur gengu of langt** m.t.t. heimilda til kaupréttarsamninga við starfsmenn
- Stjórn Kaldalóns gerði breytingar á starfskjarastefnunni fyrir aðalfund og **kom að mestu til móts** við athugasemdir Stapa
- Niðurstaðan var að Stapi **náði fram helstu áherslum sínum**
 - Hámark kaupréttar var fært niður úr 3% í 2% af hlutafé
 - Hámark úthlutunar á einstaka starfsmenn betur skilgreint
 - Lágmark ávinnslutíma skýrt afmarkaður
 - Nýtingartímabil var lengt
 - Skýr krafa sett inn um að halda eftir hluta af hagnaði
- Stapi kaus því að lokum með uppfærðri starfskjarastefnu

	Stjórnarlaun	Starfskjarastefna	Samþykktabreytingar
KALD	✓	●	●

Kaldalón
 Ábendingar við framlagða starfskjarastefnu Kaldalóns á aðalfundi félagsins dags 23.3.2023]

4. Starfskjör

- Við gerð ráðningarsamnings við forstjóra skal uppsagnarfrestur vera að hámarki 12 mánuðir.

5. Breytileg starfskjör – árangurstengdar greiðslur:

- Kaupauki getur að hámarki numið fjárhæð sem samsvarar [] mánaða grunnlaunum hjá forstjóra, en [] mánaða grunnlaunum hjá öðrum.

7. Kaup- og áskriftarréttir forstjóra og annarra lykilstarfsmanna

- Þátttakendur: Forstjóri
- Kaupréttir skulu ~~einn~~ árur eftir að kaupréttur er gættur.
- Nýtingartímabil: Þeg af kaupréttum (tímal (tímabil 3)). Heimilt innan hvers nýtingar
- Komi til þess að kaupstað hinna fyrri.
- Nýtingarverð: Dagslaun íslenskrum krónum ni
- Nýtingarverð skal lei til hluthafa af eignun kaupréttarsamningu úthlutunardegi.
- Forstjóra og öðrum t sem nema fjárhæð h frá, þar til eftirfarand hagnaði af nýttum ka greinarmun á milli ka
- Forstjóri getur að há úthlutaðra hluta hve til úthlutaðra hluta á
- Almenn t séð falla ka félagið er slitið. Félag eða hættir störfum v falla kaupréttir ekki t
- Komi til þess að brey verðbreyfandi skipti, á
- Félaginu er óheimilt

Kaldalón hf.
 b.t. stjórnar félagsins
 Ingólfsstræti 3, 3. hæð
 101 Reykjavík

Akureyri 20. mars 2023

Ábending vegna hluthafastefnu Stapa lífeyrissjóðs

Með vísan til fundarboðs stjórnar félagsins um aðalfund Kaldalóns hf. þann 23. mars nk.

Hluthafastefna Stapa tilgreinir viðhorf sjóðsins gagnvart starfskjarastefnum þar sem sjóðurinn er hluthafi. Þar kemur meðal annars fram að starfskjarastefnur skuli vera skýrar, sjálfbærar og hafa langtímahagsmuni viðkomandi félags að leiðarljósi.

Með hliðsjón af hluthafastefnu Stapa er það mat sjóðsins að framlagðar tillögur til breytinga á samþykktum og starfskjarastefnu Kaldalóns gangi lengra en svo að þær rúmist innan hluthafastefnunnar og mun Stapi því ekki geta greitt atkvæði með þeim að óbreyttu.

Nánar tiltekið er það tillaga þess efnis að heimilt verði að úthluta allt að 3% af hlutafé félagsins til að efna skuldbindingar gagnvart starfsmönnum þess vegna kaupréttar- eða kaupsamninga og/eða samninga um áskriftarréttindi við starfsmenn, sem Stapi telur ganga of langt. Með tilliti til þessa og til að gæta hófs í launagreiðslum, kaupaukum og/eða kaupréttum stjórnenda og með hliðsjón af því að tillaga stjórnar gengur lengra, mælt sem hlutfall af heildarhlutafé, en almennt gengur hjá öðrum félögum á markaði telur Stapi eðlilegt að miða framangreint hámark við 2% í stað 3%.

Marel hf. – Stapi 1,6% hluthafi

Kosið á móti tillögum stjórnar um nýja starfskjarastefnu og kaupaukakerfi

- Stapi greiddi í eftirfarandi málum atkvæði gegn tillögum stjórnar
 - Tillaga um starfskjarastefnu félagsins; 15% hluthafa greiddi á móti tillögunni
 - Tillaga um stefnu félagsins um kaupauka í formi frammistöðutengdra hlutabréfa; 25% hluthafa greiddi á móti tillögunni
- Íslenskir lífeyrissjóðir eiga um 30% eignarhlut í félaginu
- Stapi hefur áður greitt atkvæði á móti tillögum um kaupréttarsamninga og/eða starfskjarastefnum félagsins
- Félagið starfar á alþjóðlegum markaði og rökstuðningur stjórnar snýr að því að marka sér starfskjarastefnu sem skuli vera í samhengi við það sem gengur og gerist á meðal samkeppnisaðila félagsins á alþjóðamarkaði
- Þrátt fyrir þau rök hefur Stapa þótt tillögurnar vera umfram viðmið sjóðsins um að gæta hófs í þessum efnum

	Stjórnarlaun	Starfskjarastefna	Samþykktabreytingar
MAREL	✓	✗	✓

Kaupaukar Stjórnenda	Skammtíma Kaupauki Greitt í formi launa
Forstjóri	Allt að 90%
Stjórnendur	Allt að 75%
Til samanburðar:	
Síldarvinnslan	Allt að 25%
Hagar	Allt að 33%
Arion	Allt að 10%
Icelandair	Allt að 25%



Orðið er laust
Hluthafastefna



5. Breytingar á samþykktum

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

Einar Ingimundarson, lögfræðingur



Nánar um breytingar á samþykktum í tengslum við hækkandi lífslíkur

Breytingar á Viðauka A og greinum 13.1, 17.5, 18.1, 19.1, 19.5 og 19.13

Ráðum við sjálf hvaða forsendur við notum?

Lög 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

■ 27. gr.

□ Samþykktir lífeyrissjóðs skulu við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

■ 39. gr.

□ Hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af. Hrein eign til greiðslu lífeyris skal á hverjum tíma metin í samræmi við ákvæði 24. gr.

■ 24. gr.

□ Árlega skal stjórn lífeyrissjóðs láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins í samræmi við 39. gr. og ákvæði reglugerðar ¹⁾ sem ráðherra setur. Í reglugerð skal kveðið á um almennar tryggingafræðilegar forsendur, m.a. um dánaráhættu, raunvexti sem athugunin skal byggjast á og ávöxtunarkröfu sem nota skal við núvirðingu framtíðariðgjalda og væntanlegs lífeyris sjóðsins.

14. gr.


Dánar- og lífslíkur.

Við mat á dánar- og lífslíkum skal nota nýjustu dánar- og eftirlífendatöflur, sem útgefnar eru af ráðherra að fengnum tillögum Félags Íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Hvað þýðir þetta?

- Lífeyrissjóðir verða að framkvæma tryggingafræðilega athugun í samræmi við forsendur sem fjármála- og efnahagsráðherra staðfestir
- Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar segir okkur hversu háar skuldbindingar okkar eru vegna lífeyris til framtíðar og hversu vel eignirnar okkar duga upp í þá skuldbindingu
- Ef eignirnar duga ekki fyrir þessum skuldbindingum ber sjóðnum skylda til að gera breytingar á réttindakerfinu okkar þannig að eignir dugi fyrir skuldbindingum
- Grein 27.1 setur einnig þá kvöð á sjóðinn að jafnvægi verði milli iðgjalda, og þeirra réttinda sem veitt eru fyrir iðgjaldið


Íslendingar lifa lengur



Upplýsingar um lífslíkur hafa byggt á reynslu síðustu ára



Á þriggja til fimm ára fresti hafa verið skoðaðar lífslíkur, byggðar á reynslu næstu fimm ára á undan. Í hvert sinn hefur komið í ljós lenging lífdaga.





Breytingar á forsendum

- Lífeyrissjóðir hafa almennt engan bakábyrgðaraðila til tryggingar réttinda
- Eina sem stendur undir réttindum sjóðsins eru eignir og framtíðariðgjöld
- Engu að síður hafa hefðbundnar samþykktir íslenskra lífeyrissjóða lofað tilteknum réttindum fyrir greitt iðgjald
- Slík lífeyriskerfi eru oft kölluð : kerfi með **skilgreint markmið**
- Á þeim áratugum sem sjóðirnir hafa starfað hefur mati á lífslíkum ítrekað verið breytt, einnig örorkulíkum, og ávöxtun hefur verið mjög breytileg frá ári til árs
- Árið 2005-2007 voru iðgjöld atvinnurekanda til sjóðanna hækkuð um 2% til að markmið um öflun lífeyrisréttinda myndi nást



Mismunandi uppsetning á söfnun fyrir lífeyrisréttindum

Séreignarsjóður:

- Einfaldasta kerfið, sjóðfélaginn fær eigin framlög, með þeirri ávöxtun sem safnast
- Sjóðfélaginn ber einn áhættu af orkutapi, langlífi og fjárfestingum

Hefðbundinn samtryggingarsjóður:

- Sjóðfélagi greiðir iðgjald, fær í staðinn réttindi
- Réttindin eru ákveðin miðað við tiltekna lýðfræðilegar forsendur og 3,5% raunvexti
- Sjóðfélagar skipta áhættu af fjárfestingum, og lýðfræðilegri áhættu
- Réttindi hvers sjóðfélaga eru tryggð með öllum eignum sjóðsins, öll réttindi sem sjóðurinn hefur veitt hafa sama tilkall til eigna
- Ef ávöxtun eða aðrar forsendur bregðast getur þurft að lækka réttindi

Kerfi Stapa lífeyrissjóðs:

- Millistig, sjóðfélagar skipta áhættu af orkutapi
- Sjóðfélagar njóta og taka áhættu af ávöxtun fram til þess að taka lífeyris hefst
- Við úrskurð lífeyris, það er ákvörðun réttinda, verður trygging réttinda með sama hætti og í hefðbundnum samtryggingarsjóð



Kerfi Stapa lífeyrissjóðs tekur á óvissu um forsendur

- Kerfið sem Stapi lífeyrissjóður notar er hannað til þess að taka á þeirri óvissu um forsendur sem áður er lýst
- Þar sem óvissan um forsendur er veruleg er ákvörðun lífeyrisréttinda seinkað, fram til þess að taka lífeyris hefst
- Tekinn er frá sá hluti iðgjalds sem talið er að þurfi til að kosta áfallatryggingar
- Afgangur fer í sjóð sem merktur er iðgjaldsgreiðanda, réttindasjóðinn, sem ávaxtast með sama hætti og eignir Stapa lífeyrissjóðs, enda hluti þeirra
- Réttindasjóðir þeirra sjóðfélaga sem falla frá leggjast við sjóði þeirra sem eftir lifa
- Kerfið aðlagar sig aðstæðum að vissu marki :
 - Ef lífslíkur aukast falla færri frá, og réttindasjóðir þeirra sem eftir lifa verða þá samsvarandi lægri við starfslok
 - Réttindasjóðurinn vext í takt við raunverulega ávöxtun sjóðsins, ekki fyrirfram ákveðna stærð eins og 3,5% raunvexti
- Við starfslok er svo réttindasjóði breytt í loforð um ævilangan lífeyri, sem er tryggður af öllum eignum sjóðsins með sama hætti og í venjulegum samtryggingarsjóð

- Frá upphafi kerfis Stapa var ráð fyrir því gert að breyting réttindasjóðs í ævilangan lífeyrisrétt yrðu gerðar eftir þeim forsendum sem réttastar væru þekktar, þegar breytingin færi fram
- Töflum sem ráða breytingu réttindasjóðs í lífeyrisrétt hefur verið breytt tvisvar sinnum, þegar nýtt mat kom fram á lífslíkum
- Fjármálaráðuneytið gaf út nýjar staðalforsendur í desember 2021. Lífslíkur þar gera ráð fyrir að dánartíðni lækki ár frá ári í samræmi við reiknilíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.
- Fyrir ársfundinum liggja tillögur að breytingum á réttindatöflum sem endurspeglar þessar vaxandi lífslíkur.
- Ef spáin reynist rétt, þá leysir hún af hólmi breytingar á réttindatöflum á 3-5 ára fresti.
- Ef reynslan sýnir fram á að hún sé röng þá verða lagðar til breytingar í samræmi við endurmetna spá.



Tillögur um breytingu samþykka


- Tillögur um breytingu samþykka sem nú eru lagðar fram falla að uppbyggingu réttindakerfis Stapa og eru í raun ekki annars eðlis en fyrri breytingar samþykka 2017 og 2020
- Sá munur er þó á þeim lífslíkum sem gefnar eru út nú og fyrri útgáfum er að nú er reynt að sjá fyrir um þróun næstu ára
- Þannig fær hver fæðingarárgangur sína sérgreindu umbreytingatöflu
- Hins vegar er hægt að nota sama hlutfall til að kosta áfallalífeyri fyrir alla árganga
- Sá hluti iðgjalds sem fer til áfallalífeyris lækkar lítillega frá því sem nú er, þar sem eftirlaunatími verður hlutfallslega dýrari
- Ekki er hægt að útiloka að síðar komi fram nýjar forsendur um lífslíkur, en réttindasjóðum sjóðfélaga er ekki breytt

Aðlögun staðalforsendna að Stapa

- Samsetning sjóðfélaga lífeyrissjóða getur verið mjög misjöfn
 - Tegund starfa, örorkulíkur, kynjahlutfall o.þ.h.
- Ólík samsetning sjóðfélaga hefur áhrif á væntan meðallíaldur sjóðfélaga og þar með skuldbindingar viðkomandi sjóðs
- Til að leiðrétta fyrir þessu er beitt tilteknum stuðlum við notkun á staðalforsendum fyrir hvern sjóð fyrir sig
- Gerð er athugun t.a.m. á nýgengi örorku og örorkutíðni þannig metin hærri eða lægri en í staðalforsendum
- Í tilviki Stapa er notast við 40% hærri örorkulíkur hjá körlum en í staðalforsendum
 - Meðallíaldur öryrkja er lægri en virkra sjóðfélaga og því lækkar meðallíaldur sjóðfélaga Stapa með þessu, m.v. staðalforsendur
- Þá eru konur hlutfallslega færri hjá Stapa en í staðalforsendum
 - Meðallíaldur karla er styttri en kvenna og því lækkar meðallíaldur sjóðfélaga Stapa með þessu, m.v. staðalforsendur

Aðlögun staðalforsendna að Stapa

Meðallífdur skv. staðalforsendum og forsendum fyrir Stapa m.v. sjóðfélaga sem nær 67 ára aldri




Spá um lífslíkur í réttindatöflur Stapa

- Gera þarf breytingar á réttindatöflum í Viðauka A í samþykktum Stapa til samræmis við hækkandi lífslíkur
- Viðaukinn inniheldur fimm töflur sem tilgreina;
 - I. Skipting á iðgjaldi til uppsöfnunar eftirlaunaréttinda annars vegar og tryggingaverndar hins vegar
 - II. Breyting á réttindasjóði í eftirlaun
 - III. Breyting á réttindasjóði í örorkulífeyri
 - IV. Réttindatafla vegna framreiknings í örorku- og makalífeyri
 - V. Réttur til jöfnunariðgjalds þeirra sem fengið hafa úrskurðað viðmiðunariðgjald
- Töflur eru uppfærðar í samræmi við útreikninga tryggingastærðfræðings sjóðsins um vegna breytinga á staðalforsendum við úttekt á tryggingafræðilegum skuldbindingum sjóðsins
- Í Viðauka A er einnig bætt umfjöllun um helstu forsendur að baki útreikninga á þeim réttindatöflum sem nú eru lagðar fram.

Hlutfall iðgjalds sem fer í tryggingavernd lækkar


Tafla I, hlutfall iðgjalds sem fer í tryggingavernd



Breyting á réttindasjóði í eftirlaun



Tafla 2 - Breyting 100.000 kr. réttindasjóðs í mánaðarleg eftirlaun eftir fæðingarári



Spá um lífslíkur í réttindatöflur Stapa

- Ef við tökum þessa spá um að lífslíkur haldi áfram að aukast, inn í réttindatöflur Stapa á þennan hátt, þá breytast áætluð eftirlaun:
 - Ekkert hjá þeim sem hafa hafið töku eftirlauna
 - Lítið hjá þeim sem eiga stutt í eftirlaunaaldur
 - Mest hjá þeim sem yngstir eru enda áætlað að þeir nái hærri aldri en fyrri árgangar.
- Fyrirhuguð breyting á réttindatöflum sem endurspeglar þessa spá um vaxandi lífslíkur;
 - Breytir ekki núverandi réttindasjóði viðkomandi til eftirlauna
 - Gefur sjóðfélögum réttari mynd af áætluðum eftirlaunum þeirra (ef hún gengur eftir).
- Eftir sem áður geta sjóðfélagar valið að fara á eftirlaun hvenær sem er á aldrinum 60-80 ára

Áætlun um væntanleg eftirlaun

Réttindi í sjóðnum breytast í samræmi við greidd iðgjöld og ávöxtun sjóðsins. Hægt er að áætla framtíðareftirlaun, en slíkar áætlanir eru alltaf ónákvæmar, þar sem óvissa ríkir um hver ávöxtun sjóðsins verður. Hér að neðan eru upplýsingar um áætluð eftirlaun m.v. núverandi réttindasjóð og 3,5% raunávöxtun. Aldur við upphaf eftirlaunatöku ræður miklu um hver áætlaður lífeyrir er, því eru í töflunni tekin þrjú dæmi um áætluð eftirlaun. Athugið að ef um frekari greiðslur til sjóðsins verður að ræða þá aukast réttindi og þar með áætluð eftirlaun.


Áætluð eftirlaun, m.v. aldur við upphafstöku	65 ára	67 ára	70 ára
Eftirlaun á mánuði miðað við áunnin réttindi	32.791	37.948	48.242

Afallatryggingar

Auk þess að mynda rétt til eftirlauna fer hluti iðgjalds sjóðfélaga til áfallatrygginga. Áfallatryggingar tryggja sjóðfélaga rétt til lífeyris við missi á starfsorku, tryggja maka rétt til makalífeyris og barna til barnalífeyris við fráfall sjóðfélaga, enda séu skilyrði uppfyllt. Varðandi skilyrði fyrir nýtingu áfallatryggingar og upphæð lífeyris vísast í samþykktir sjóðsins, sem sjá má á heimasíðu hans www.stapi.is.

Tryggingafræðileg staða fyrir og eftir samþykktarbreytingar

■ Áfallnar skuldbindingar ■ Framtíðarskuldbindingar ■ Heildarskuldbindingar





Umfjöllun um einstakar tillögur um samþykktarbreytingar

Breytingar á samþykktum

- Stjórn samþykkti á stjórnarfundum 17. apríl 2023 að leggja breytingartillögur á samþykktum Stapa lífeyrissjóðs fyrir ársfund sjóðsins sem haldinn verður 3. maí 2023
 - Verði tillögurnar samþykktar á ársfundinum verða þær sendar fjármála- og efnahagsráðuneytinu til staðfestingar
 - Að fenginni staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og að uppfylltum tímafresti skv. tillögunum öðlast breytingarnar gildi
- Samþykktarbreytingarnar voru kynntar á fulltrúaráðsfundi 12. apríl sl.
 - Þá voru þær sendar aðildarfélögum ásamt greinargerð 2 vikum fyrir ársfund
 - Sömu gögn hafa legið á skrifstofu sjóðsins frá sama tímamarki
- Stjórn sjóðsins leggur til breytingar á 20 greinum samþykpta sjóðsins sem nánar er fjallað um hér á eftir

Yfirlit tillagna um samþykktarbreytingar

- Grein 6.2: Tilvísun í kafla laga sem gilda um rekstur sjóðsins uppfærð.
- Grein 6.3: Ákvæði um kynningu fjárfestingarstefnu á ársfundi sem þegar er í öðrum kafla samþykktanna fjarlæggt.
- Grein 8.1: Ákvæði um rétt sjóðfélaga til að skjóta máli til Gerðardóms skerpt.
- Grein 13.1: Ákvæði um gildistöku nýrra samþykpta bætt við til að tryggja hnökralausa innleiðingu breytinga á réttindatöflu.
- Grein 14.1: Forsendu um aldur sjóðfélaga við upphaf innborgana við útreikning á lágmarkstryggingavernd bætt við.
- Grein 16.1: Skerpt á skilgreiningu á lágmarksiðgjaldi í samræmi við lagatexta.
- Grein 16.7: Heimild sjóðfélaga til að óska eftir sjóðfélagayfirliti á pappírformi bætt við.
- Grein 17.1: Skerpt á skilgreiningu á réttindaöflun í samræmi við lagatexta.
- Grein 18.4: Breytingar á fyrirkomulagi frestunar á töku eftirlauna.
- Grein 18.5: Tímabundin heimild vegna umsóknar um hálfan lífeyri felld niður.
- Grein 19.11: Árétta að sjóðfélagi sem sækir um örorkulífeyri skili gögnum til sjóðsins fremur en stjórnar sjóðsins.
- Grein 23.1: Orðalagsbreyting í sambandi við forsendur endurgreiðslu iðgjalda til erlendra ríkisborgara.
- Grein 23.2: Breytingar á meðferð iðgjalda sjóðfélaga sem eru yngri en 16 ára og eldri en 70 ára.
- Grein 31.1: Tilvísun í kjara- eða ráðningarsamning vegna tilgreindrar séreignar felld niður.
- Viðauki A: Töflum breytt í samræmi við mótvægisáðgerðir vegna nýs spálíkans sem felur í sér lækkandi dánartíðni.
- Í greinum 17.5, 18.1, 19.1, 19.5 og 19.13 eru tilvísun í fæðingarárgang sjóðfélaga bætt við í samræmi við breytingar á Viðauka A.



Tilvísun í kafla laga sem gilda um rekstur sjóðsins uppfærð

Grein 6.2



Tilvísun í kafla laga sem gilda um rekstur sjóðsins uppfærð

Grein 6.2

Grein 6.2

Fjárfestingar sjóðsins og fjárfestingarstefna hans skulu vera í samræmi við heimildir laga og uppfylla allar þær kröfur um form og efni, sem gerðar eru í ófrávíkjanlegum ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú VII. kafla laga nr. 129/1997, og bindandi stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma og gildir það um allar deildir sjóðsins.

Um breytingu á grein 6.2:

Hér er bætt við tilvísun til VII. kafla A í lögum um lífeyrissjóði en sá kafli fjallar um fjárfestingarheimildir fyrir það fé sem ætlað er að veita viðbótartryggingavernd, þ.e. einkum séreignarsparnað. Þar sem 6. samþykkt á við um allar deildir Stapa, þ.e. bæði samtryggingar- og séreignardeildir, er eðlilegt að vísa líka til VII kafla A í þessu ákvæði.

Grein 6.2 eftir breytingu

Fjárfestingar sjóðsins og fjárfestingarstefna hans skulu vera í samræmi við heimildir laga og uppfylla allar þær kröfur um form og efni, sem gerðar eru í ófrávíkjanlegum ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú VII. kafla og VII. kafla A, laga nr. 129/1997, og bindandi stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma og gildir það um allar deildir sjóðsins.



Ákvæði um kynningu fjárfestingarstefnu á ársfundi sem þegar er í öðrum kafla samþykktanna fjarlæggt

Grein 6.3

Grein 6.3

Grein 6.3

Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignaflokkum. Þar skal enn fremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins kynna fjárfestingarstefnuna, sbr. grein 3.10.3. Mismunandi deildir sjóðsins geta haft mismunandi fjárfestingastefnu.

Um breytingu á grein 6.3:

Hér er lagt til að fella út tilvísun sem er orðin röng þar sem láðist að uppfæra hana við breytingu á samþykktum fyrir nokkrum árum en hún er einnig óþörf. Í grein 3.11.4. samþykktunum segir að stjórn skuli kynna fjárfestingarstefnu á ársfundi og því er ekki þörf á að endurtaka þá kröfu hér.

Grein 6.3 eftir breytingu

Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignaflokkum. Þar skal enn fremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. ~~Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins kynna fjárfestingarstefnuna, sbr. grein 3.10.3.~~ Mismunandi deildir sjóðsins geta haft mismunandi fjárfestingastefnu.



Ákvæði um rétt sjóðfélaga til að skjóta máli til Gerðardóms skerpt
Grein 8.1

Ákvæði um rétt sjóðfélaga til að skjóta máli til Gerðardóms skerpt



Grein 8.1

Grein 8.1


Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því að tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum tilnefndum af Stapa lífeyrissjóði og oddamanni tilnefndum af Héraðsdómi Norðurlands eystra. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurpþöku. Sjóðstjórn er skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Gerðardómurinn skal hafa lokið við að leggja dóm innan eins mánaðar frá því að öll gögn eru fram komin í máli. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

Um breytingu á grein 8.1:

Ekki er um efnislega breytingu að ræða en breytingunni er ætlað að skýra meðferð ágreiningsmála og taka af öll tvímæli um það mál sem sjóðfélagi vísar til gerðardóms þurfi að varða þann sjóðfélagi, þ.e. að sjóðfélaginn þurfi að hafa lögmeata hagsmuni af niðurstöðu málsins. Ákvæðinu hefur frá upphafi verið ætlað að innleiða kröfur sem fram koma í 5 mgr. 18. gr. og 33. gr. laga nr. 129/1997. Samkvæmt þeim lagaákvæðum á sjóðfélagi ávallt rétt á skriflegum rökstuðningi að baki ákvörðunum er hann varða og í slíkri rökstuddri ákvörðun skal koma fram að henni megi skjóta til gerðardóms vilji sjóðfélagi ekki una henni. Samkvæmt orðanna hljóðan mætti mistúlka ákvæðið í núverandi mynd þannig að sjóðfélagi geti skotið hvaða úrskurði stjórnar sem er til gerðardóms. Með hliðsjón af orðalagi framangreindra lagaákvæða er slíkur skilningur hins vegar ótækur og stjórn leggur því til breytingu til að koma í veg fyrir slíka mistúlkun.

Grein 8.1 eftir breytingu

Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli, er hann **varðar og hann eða umboðsmaður hans** hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því að tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum tilnefndum af Stapa lífeyrissjóði og oddamanni tilnefndum af Héraðsdómi Norðurlands eystra. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurpþöku. Sjóðstjórn er skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Gerðardómurinn skal hafa lokið við að leggja dóm innan eins mánaðar frá því að öll gögn eru fram komin í máli. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.



Ákvæði um gildistöku nýrra samþykktu bætt við til að tryggja
hnökralausa innleiðingu breytinga á réttindatöflu

Grein 13.1

Ákvæði um gildistöku nýrra samþykktu bætt við til að tryggja hnökralausa innleiðingu breytinga á réttindatöflu



Grein 13.1

Grein 13.1

Samþykktir þessar gilda frá fenginni staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

Grein 13.1 eftir breytingu

Samþykktir þessar gilda frá 1. október 2023 og að fenginni staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Hafi fjármálaráðuneytið ekki staðfest samþykktirnar fyrir 1. október 2023 gilda þær frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir staðfestingu ráðuneytisins.

Um breytingu á grein 13.1:

Nýjar réttindatöflur þurfa að taka gildi 1. dag mánaðar og samkvæmt lögum er áskilið að ráðuneytið staðfesti samþykktir áður en þær öðlast gildi. 1. október er settur inn í varúðarskyni ef ráðuneytið myndi veita staðfestingu sína óvenju hratt og þá gæti komið upp sú staða að kerfi og ferlar sjóðsins væru ekki tilbúin að vinna samkvæmt nýjum réttindatöflum og samþykktarákvæðum.



Forsendu um aldur sjóðfélaga við upphaf innborgana við útreikning á lágmarkstryggingavernd bætt við

Grein 14.1



Grein 14.1

Grein 14.1

Markmið Tryggingadeildar sjóðsins er að veita lágmarkstryggingavernd í samræmi við ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og kjarasamninga, eins og nánar er kveðið á um í samþykktum þessum.

Um breytingu á grein 14.1:

Breytingin er gerð með vísan til 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 391/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Breytingin felur í sér áréttingu á gildandi framkvæmd og því er ekki um efnisbreytingu að ræða. Samkvæmt framangreindri reglugerð á útreikningur á lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir að taka mið af því að iðgjald sé greitt í 40 ár og að inngreiðslur hefjist þegar einstaklingur hefur náð 20 til 30 ára aldri. Viðmiðunaráldur skal tilgreindur í samþykktum og er verið að bæta úr því hér.

Grein 14.1 eftir breytingu

Markmið Tryggingadeildar sjóðsins er að veita lágmarkstryggingavernd í samræmi við ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og kjarasamninga, eins og nánar er kveðið á um í samþykktum þessum.

Lágmarkstryggingavernd miðast við að innborgun hefjist við 20 ára aldur.



Skert á skilgreiningu á lágmarksiðgjaldi í samræmi við
lagatexta

Grein 16.1

Skert á skilgreiningu á lágmarksiðgjaldi í samræmi við lagatexta

Grein 16.1

Grein 16.1

Iðgjald til tryggingadeildar lífeyrissjóðsins skal vera að lágmarki 12%. Sjóðfélaga er heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi af iðgjaldastofni umfram 12% í tilgreinda séreignardeild sbr. D-kafla samþykka þessara, enda sé mælt fyrir um slíkt í kjara- eða ráðningarsamningi. Komi ekki fram ósk frá sjóðfélaga um að framlagi umfram 12% sé ráðstafað í tilgreinda séreign skal því ráðstafað til tryggingadeildar. Iðgjald skal greitt af launum sjóðfélaga 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í greinum 16.2. eða 16.3., og mynda þau rétt til tryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykka sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að hækka iðgjald til tryggingarverndar frá því sem kjara- eða ráðningarsamningur segir til um, umfram ofangreint lágmark enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins.

Um breytingu á grein 16.1:

Tillagan snýr að því að aðlaga ákvæðið að núgildandi lögum en þann 1. janúar 2023 hækkaði lögbundið lágmarksframlag í lífeyrissjóð úr 12% í 15,5%. sbr. þó bráðabirgðaákvæði V við lögin. Einnig var settur lagagrundvöllur undir ákvæði um tilgreinda séreign en slíkur lífeyrissparnaður byggði áður aðeins á ákvæðum kjara- eða ráðningarsamninga. Ekki þykir því lengur rétt að hafa það skilyrði í samþykktum að ráðstöfun í tilgreinda séreign sé háð því skilyrði að kveðið séu á um hana í kjara- eða ráðningarsamningi og er því lagt til að það verði felld út.

Grein 16.1 eftir breytingu

Iðgjald til tryggingadeildar lífeyrissjóðsins skal vera að lágmarki ~~12~~**15,5%** nema ef kveðið er á um annað í kjarasamningi. Sjóðfélaga er heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi af iðgjaldastofni umfram 12% í tilgreinda séreignardeild sbr. D-kafla samþykka þessara. ~~enda sé mælt fyrir um slíkt í kjara- eða ráðningarsamningi. Komi ekki fram ósk frá sjóðfélaga um að framlagi umfram 12% sé ráðstafað í tilgreinda séreign skal því ráðstafað til tryggingadeildar.~~ Iðgjald skal greitt af launum sjóðfélaga 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í greinum 16.2. eða 16.3., og mynda þau rétt til tryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykka sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að hækka iðgjald til tryggingarverndar frá því sem kjara- eða ráðningarsamningur segir til um, umfram ofangreint lágmark enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins.



Heimild sjóðfélaga til að óska eftir sjóðfélagayfirliti á
pappírsformi bætt við

Grein 16.7

Grein 16.7

Grein 16.7

Tvisvar á ári skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðnum er heimilt að skila yfirlitum með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski þeir eftir því eða ef lög eða stjórnvaldsfyrirmæli heimila rafræn skil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

Grein 16.7 eftir breytingu

Tvisvar á ári skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðnum er heimilt að skila yfirlitum með rafrænum hætti til sjóðfélaga nema þeir óski sérstaklega eftir þeim á pappírsmi. ~~þeir eftir því eða ef lög eða stjórnvaldsfyrirmæli heimila rafræn skil.~~ Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits ~~eða birtingu auglýsingar, sé það síðar,~~ og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

Um breytingu á grein 16.7:

Þar sem búið er að heimila rafræn sjóðfélagayfirlit er lagt til að þau verði meginreglan en unnt verði að óska sérstaklega eftir yfirlitum á pappír. Einnig er lagt er til að fella út orðin „eða birtingu auglýsingar, sé það síðar“ sem hefðu með réttu átt að falla út þegar fellt var niður ákvæði um að sjóðurinn skyldi með opinberri auglýsingu skora á launagreiðendur að gera sjóðnum viðvart um ætluð vanskil samhliða útsendingu yfirlita.



Skerpt á skilgreiningu á réttindaöflun í samræmi við lagatexta

Grein 17.1

Skert á skilgreiningu á réttindaöflun í samræmi við lagatexta

Grein 17.1

Grein 17.1

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í lífeyrissjóðinn hverju sinni, auk ávöxtunar á eignum hans. Árlegu iðgjaldi sjóðfélaga, að frádregnum kostnaðarhluta, er skipt í söfnunarþátt og tryggingaþátt. Lögbundið framlag til starfsendurhæfingarsjóða telst kostnaðar í þessu sambandi. Söfnunarþátturinn myndar réttindi sjóðfélagans til eftirlauna skv. 18. grein, en tryggingaþátturinn rétt hans til áfallatrygginga skv. greinum 19-21 auk réttinda skv. gr. 17.5-17.7. Áfallatryggingar skiptast í örorku-, maka- og barnalífeyri. Skipting iðgjaldsins milli söfnunarþátta og tryggingaþátta er háð aldri sjóðfélaga og fer eftir töflu I í viðauka A. Söfnunarþáttur iðgjalds myndar réttindasjóð, sem ávaxtast í samræmi við eignavísitölu sjóðsins skv. grein 17.3. Réttindasjóður hvers sjóðfélaga er ekki séreign, heldur reiknaður hluti af þeim eignum sem sameiginlega tryggja eftirlaun sjóðfélaga. Réttindasjóður erfist ekki við fráfall. Falli sjóðfélagi frá áður en taka eftirlauna hefst rennur réttindasjóður hans til aukningar á réttindasjóðum annarra sjóðfélaga sbr. ákvæði gr. 17.2. Við töku eftirlauna er réttindasjóði breytt í mánaðarleg eftirlaun í samræmi við töflu II í viðauka A.


Grein 17.1 eftir breytingu

Með greiðslum iðgjalda aflar sjóðfélagi sér réttinda til eftirlauna og örorkulífeyris og maka sínum og börnum rétt til maka- og barnalífeyris eftir því sem kveðið er á um í 18. – 21. gr. og á grundvelli þeirra réttindataflna sem fram koma í viðauka A við samþykktir þessar og teljast hluti þeirra.

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris eru reiknuð í íslenskum krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í lífeyrissjóðinn hverju sinni, auk ávöxtunar á eignum hans. Árlegu iðgjaldi sjóðfélaga, að frádregnum kostnaðarhluta, er skipt í söfnunarþátt og tryggingaþátt. Lögbundið framlag til starfsendurhæfingarsjóða telst kostnaðar í þessu sambandi. Söfnunarþátturinn myndar réttindi sjóðfélagans til eftirlauna skv. 18. grein, en tryggingaþátturinn rétt hans til áfallatrygginga skv. greinum 19-21 auk réttinda skv. gr. 17.5-17.7. Áfallatryggingar skiptast í örorku-, maka- og barnalífeyri. Skipting iðgjaldsins milli söfnunarþátta og tryggingaþátta er háð aldri sjóðfélaga og fer eftir töflu I í viðauka A. Söfnunarþáttur iðgjalds myndar réttindasjóð, sem ávaxtast í samræmi við eignavísitölu sjóðsins skv. grein 17.3. Réttindasjóður hvers sjóðfélaga er ekki séreign, heldur reiknaður hluti af þeim eignum sem sameiginlega tryggja eftirlaun sjóðfélaga. Réttindasjóður erfist ekki við fráfall. Falli sjóðfélagi frá áður en taka eftirlauna hefst rennur réttindasjóður hans til aukningar á réttindasjóðum annarra sjóðfélaga sbr. ákvæði gr. 17.2. Við töku eftirlauna er réttindasjóði breytt í mánaðarleg eftirlaun í samræmi við aldur og fæðingarárgang samanber töflu II í viðauka A.

Um breytingu á grein 17.1:

Hér er einkum um að um að ræða óefnislegar orðalagsbreytingar sem eru til nánari fyllingar og samræmingar við ákvæði laga nr. 129/1997. Þá er hnykk á því að eftir þær breytingar sem nú eru lagðar til á réttindatöflum er fæðingarárgangur orðin sérstök breyta sem hefur áhrif á réttindi sjóðfélaga til viðbótar við aldur sem áður var eina breytan í þessu sambandi.



Breytingar á fyrirkomulagi frestunar á töku eftirlauna

Grein 18.4

Breytingar á fyrirkomulagi frestunar á töku eftirlauna

Grein 18.4

Grein 18.4

Eftirlaunaréttindi sem sjóðfélagar afla sér með greiðslu iðgjalda eftir 67 ára aldur koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri tilkynningu sjóðfélaga. Greiða skal þó eftirlaun eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn án sérstakrar tilkynningar frá sjóðfélaga. Vilji sjóðfélagi fresta töku eftirlauna lengur en til 70 ára aldurs þarf hann að sækja um það sérstaklega. Við 70 ára aldur skal endurskoða lífeyri sjóðfélaga, sem hafið hefur töku lífeyris við 67 ára aldur eða síðar, án sérstakrar tilkynningar. Skal þá bætt við þeim lífeyrisrétti sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér með söfnun í réttindasjóð eftir að hann hóf töku lífeyris. Réttindin veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 20. greinar.

Grein 18.4 eftir breytingu

Eftirlaunaréttindi sem sjóðfélagar afla sér með greiðslu iðgjalda eftir 67 ára aldur koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri tilkynningu sjóðfélaga. Við 70 ára, 75 ára og 80 ára aldur skal senda sjóðfélögum sem ekki hafa hafið töku eftirlauna upplýsingar um lífeyrisréttindi þeirra og hvernig sækja megi um eftirlaun. Greiða skal þó eftirlaun eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn án sérstakrar tilkynningar frá sjóðfélaga. Vilji sjóðfélagi fresta töku eftirlauna lengur en til 70 ára aldurs þarf hann að sækja um það sérstaklega. Við 70 ára aldur skal endurskoða lífeyri sjóðfélaga, sem hafið hefur töku lífeyris við 67 ára aldur eða síðar, án sérstakrar tilkynningar. Skal þá bætt við þeim lífeyrisrétti sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér með söfnun í réttindasjóð eftir að hann hóf töku lífeyris. Réttindin veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 20. greinar.

Um breytingu á grein 18.4:

Samþykktir sjóðsins kveða á um að sjóðfélaga er heimilt að hefja töku eftirlauna hvenær sem er á aldrinum 60 ára til 80 ára. Núgildandi ákvæði greinar 18.4 gera hins vegar fortakslausa kröfu á sjóðinn um að úrskurða sjóðfélaga eftirlaun við 70 ára aldur sæki hann ekki sérstaklega um frestun eftirlauna. Þetta ákvæði er ekki talið endurspegla frelsi sjóðfélaga til að hefja töku lífeyris á framangreindu aldursbili. Því er lagt til að í stað þess að úrskurða eftirlaun við 70 ára aldur hafi ekki verið sérstaklega sótt um frestun eftirlauna verði sjóðfélagar upplýstir sérstaklega um lífeyrisréttindi sín og hvernig sækja megi um eftirlaun við 70 ára, 75 ára og 80 ára aldur. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði samþykka annarra íslenskra lífeyrissjóða og því einnig til samræmingar á framkvæmd. Eftir sem áður gilda ákvæði frestunarhækkunar vegna frestun á töku eftirlauna sbr. Töflu II í Viðauka A í samþykktum sjóðsins.



Tímabundin heimild vegna umsóknar um hálfan lífeyri felld
niður

Grein 18.5



Grein 18.5

Grein 18.5

Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku eftirlauna hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku á hálfum eftirlaunum hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta eftirlaunaréttinda sinna, sbr. grein 18.3.

Þrátt fyrir skilyrði greinar 18.6 um 67 ára aldur og 12 mánaða bindingu getur sjóðfélagi sem hafið hefur töku eftirlauna við gildistöku þessa ákvæðis, með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, farið fram á hálf eftirlaun.

Um breytingu á grein 18.5:

Lagt er til að 2. mgr. greinarinnar verði felld út þar sem hún er úrelt.

Grein 18.5 eftir breytingu

Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku eftirlauna hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku á hálfum eftirlaunum hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta eftirlaunaréttinda sinna, sbr. grein 18.3.

~~Þrátt fyrir skilyrði greinar 18.6 um 67 ára aldur og 12 mánaða bindingu getur sjóðfélagi sem hafið hefur töku eftirlauna við gildistöku þessa ákvæðis, með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, farið fram á hálf eftirlaun.~~



Áréttað að sjóðfélagi sem sækir um örorkulífeyri skili gögnum til sjóðsins fremur en stjórnar sjóðsins

Grein 19.11

Áréttað að sjóðfélagi sem sækir um örorkulífeyri skili gögnum til sjóðsins fremur en stjórnar sjóðsins



Grein 19.11

Grein 19.11

Örorkumat skal framkvæmt af trúnaðarlækni sjóðsins, tryggingalækni eða teymi sérfræðinga sem hefur fagþekkingu á þessu sviði. Örokumat skal miðast við læknisfræðilegar forsendur og fylgja reglum um örorkumat sem settar hafa verið. Við mat á orkutapi skal sérstaklega líta til þess hver starfshæfni og vinnugeta viðkomandi umsækjanda er og möguleikar hans til að ná aftur bata og starfsgetu með rétttri endurhæfingu

Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins eða öðrum lækni eða heilbrigðisstarfsmanni sem hann vísar til. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá og telst hún þá úr gildi fallin. Sama gildir ef fullnægjandi upplýsingum er ekki skilað við endurmat á örorku sbr. gr.19.10. Skili sjóðfélagi inn fullnægjandi gögnum, eftir að réttur hans til greiðslu hefur fallið niður vegna þess að gögnum var ekki skilað inn fyrir réttan tíma, fær hann að nýju rétt frá þeim tíma til að fá greiðslur, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Heimilt er sjóðnum í því tilviki að greiða sem nemur greiðslum allt að 9 mánuðum aftur í tímann.

Um breytingu á grein 19.11:

Lögð er til breyting á orðalagi til samræmis við raunverulega framkvæmd mála hjá sjóðnum.

Grein 19.11 eftir breytingu

Örorkumat skal framkvæmt af trúnaðarlækni sjóðsins, tryggingalækni eða teymi sérfræðinga sem hefur fagþekkingu á þessu sviði. Örokumat skal miðast við læknisfræðilegar forsendur og fylgja reglum um örorkumat sem settar hafa verið. Við mat á orkutapi skal sérstaklega líta til þess hver starfshæfni og vinnugeta viðkomandi umsækjanda er og möguleikar hans til að ná aftur bata og starfsgetu með rétttri endurhæfingu

Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta **stjórn-sjóðnum** í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins eða öðrum lækni eða heilbrigðisstarfsmanni sem hann vísar til. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá og telst hún þá úr gildi fallin. Sama gildir ef fullnægjandi upplýsingum er ekki skilað við endurmat á örorku sbr. gr.19.10. Skili sjóðfélagi inn fullnægjandi gögnum, eftir að réttur hans til greiðslu hefur fallið niður vegna þess að gögnum var ekki skilað inn fyrir réttan tíma, fær hann að nýju rétt frá þeim tíma til að fá greiðslur, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Heimilt er sjóðnum í því tilviki að greiða sem nemur greiðslum allt að 9 mánuðum aftur í tímann.



Orðalagsbreyting í sambandi við forsendur endurgreiðslu iðgjalda til erlendra ríkisborgara

Grein 23.1

Orðalagsbreyting í sambandi við forsendur endurgreiðslu iðgjalda til erlendra ríkisborgara



Grein 23.1

Grein 23.1

Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda óski sjóðfélagi eftir slíkri endurgreiðslu, hún sé ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum, kostnað vegna tryggingaverndar sem sjóðfélaginn hefur notið og kostnað vegna umsýslu að mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Við endurgreiðslu til sjóðfélaga samkvæmt þessari grein falla niður allar kröfur viðkomandi sjóðfélaga á hendur sjóðnum vegna hinna endurgreiddu iðgjalda

Um breytingu á grein 23.1:

Um er að ræða minni háttar breytingu til skýringar á texta ákvæðisins. Lagt er til að ákvæðið kveði á um að tryggingastærðfræðingur leggi til forsendur sem miðað er við í stað þess að notast við orðið mat.

Grein 23.1 eftir breytingu

Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda óski sjóðfélagi eftir slíkri endurgreiðslu, hún sé ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum, kostnað vegna tryggingaverndar sem sjóðfélaginn hefur notið og kostnað vegna umsýslu ~~að~~ mat samkvæmt forsendum tryggingastærðfræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Við endurgreiðslu til sjóðfélaga samkvæmt þessari grein falla niður allar kröfur viðkomandi sjóðfélaga á hendur sjóðnum vegna hinna endurgreiddu iðgjalda



Breytingar á meðferð iðgjalda sjóðfélaga sem eru yngri en 16 ára og eldri en 70 ára

Grein 23.2

Breytingar á meðferð iðgjalda sjóðfélaga sem eru yngri en 16 ára og eldri en 70 ára



Grein 23.2

Grein 23.2

Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem ekki hafa náð 16 ára aldri eða sem náð hafa 70 ára aldri sbr. 16.1, og 17.4, skal hann endurgreiða viðkomandi sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldahluta þeirra og skapast þá ekki réttur hjá sjóðnum vegna þessara iðgjalda. Skal endurgreiðslan eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári, sbr. þó ákvæði gr. 23.3.


Grein 23.2 eftir breytingu

Iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru 70 ára eða eldri skulu lögð inn í séreignardeild sjóðsins í nafni sjóðfélaga í þá fjárfestingarleið sem ber minnstu áhættu hjá sjóðnum á hverjum tíma, nema sjóðfélagi ákveði aðra fjárfestingarleið. Skal þá leggja inn bæði iðgjald sjóðfélaga og mótframlag launagreiðanda. Skal tilkynna viðkomandi sjóðfélaga um slíka ráðstöfun. Fer um útgreiðslu eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar. Sama gildir um iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru yngri en 16 ára nema launagreiðandi eða viðkomandi sjóðfélagi tilkynni sjóðnum innan 6 mánaða frá greiðslu að greiðslan hafi verið greidd vegna mistaka. Skal þá endurgreiða sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldshluta hvors um sig.

~~Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem ekki hafa náð 16 ára aldri eða sem náð hafa 70 ára aldri sbr. 16.1, og 17.4, skal hann endurgreiða viðkomandi sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldahluta þeirra og skapast þá ekki réttur hjá sjóðnum vegna þessara iðgjalda. Skal endurgreiðslan eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári, sbr. þó ákvæði gr. 23.3.~~

Um breytingu á grein 23.2:

Lögð er til ný grein 23.2. Undanfarin ár hefur verið nokkur óvissa um það hvernig farið skuli með iðgjöld sem borguð eru til sjóðsins vegna aðila sem eru yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára en samkvæmt lögum og kjarasamningum nær skyldan til að greiða í lífeyrissjóð aðeins til launafólks og þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og eru á aldursbilinu 16-70 ára. Hjá Stapa var framkvæmd lengi vel þannig að þegar iðgjöld bárust vegna aðila utan þess aldursbils voru þau lögð í séreignardeild í nafni viðkomandi og byggði sú framkvæmd á undanþáguákvæði í samþykktum Stapa. Á ársfundi 2021 var samþykktar breytingar á samþykktum sem ætlað var að gera umrædda undantekningarreglu að meginreglu. Fjármálaeftirlitið féllst hins vegar ekki á þá breytingu og gekk hún því ekki í gildi. Í umsögn fjármálaeftirlitsins í tengslum við þá breytingu var ákvörðun fjármálaeftirlitsins rökstudd og mátti skilja rökstuðninginn þannig að undantekningarreglan sem fylgt hafði verið í framkvæmd Stapa í all nokkur ár væri ekki lögmæt og á ársfundi 2022 var hún felld úr gildi. Við nánari rýni kom hins vegar í ljóst að ekki var fyllilega réttur skilningur lagður í umsögn fjármálaeftirlitsins við breytinguna 2021 af hálfu Stapa og því gekk breytingatillagan sem samþykkt var á ársfundi 2022, þ.e. að fella ákvæðið úr gildi, lengra en efni stóðu til. Með þeirri tillögu sem hér er lögð fram er ætlunin að endurvekja fyrri framkvæmd en þó þannig að hún standist ákvæði laga m.v. þau viðmið og sjónarmið sem fram komu í umsögn fjármálaeftirlitsins í tengslum við samþykktabreytingar 2021.



Töflum breytt í samræmi við mótvægisaðgerðir vegna nýs spálíkans sem felur í sér lækkandi dánartíðni

Viðauki A

Töflum breytt í samræmi við mótvægisaðgerðir vegna nýs spálíkans sem felur í sér lækkandi dánartíðni



Viðauki A

Viðauki A

Viðaukinn inniheldur fimm töflur sem tilgreina;

- I. Skipting á iðgjaldi til uppsöfnunar eftirlaunaréttinda annars vegar og tryggingaverndar hins vegar.
- II. Breyting á réttindasjóði í eftirlaun.
- III. Breyting á réttindasjóði í örorkulífeyri.
- IV. Réttindatafla vegna framreiknings í örorku- og makalífeyri.
- V. Réttur til jöfnunariðgjalds þeirra sem fengið hafa úrskurðað viðmiðunariðgjald.

Viðauki A eftir breytingu

Töflur eru uppfærðar í samræmi við útreikninga tryggingastærðfræðings sjóðsins um vegna breytinga á staðalforsendum við úttekt á tryggingafræðilegum skuldbindingum sjóðsins. Nýjar staðalforsendur gera nú ráð fyrir lækkandi dánartíðni byggt á fæðingarágöngum sem endurspeglast í nýjum gildum og framsetningu í töflum í Viðauka A. Hlutfall iðgjalds sem ráðstafað er í tryggingavernd skv. Töflu I lækkar fyrir alla aldurshópa. Framsetningu og gildum í Töflum II-V er breytt þannig að aðskilin gildi eru nú birt fyrir hvern fæðingarárgang. Í Viðauka A er einnig bætt umfjöllun um helstu forsendur að baki útreikninga á þeim réttindatöflum sem nú eru lagðar fram. Uppfærður Viðauki A er meðfylgjandi greinargerðinni.

Um breytingu á Viðauka A:

Reynsla undanfarinna 30 ára sýnir okkur að lífslíkur hafa aukist umtalsvert, lífslíkur karla hafa aukist um rúmlega sex ár og kvenna um rúmlega fjögur. Ekki er sjáanleg breyting á þessari leitni uppávið og má því gera ráð fyrir að lífslíkur haldi áfram að aukast. Undanfarna áratugi hafa lífeyrissjóðirnir brugðist við á 3-5 ára fresti með því að aðlaga réttindatöflur að nýjum lífslíkum. Nú hefur fjármálaráðuneytið hins staðfest nýjar staðalforsendur skv. spá Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) sem felur í sér að lífslíkur haldi áfram að hækka. Sú spá var tekin inn í ársuppgjör 2021 og skuldbindingar sjóðsins reiknaðar út frá því. Þetta er svipuð þróun og hefur átt sér stað í mörgum öðrum löndum sem Ísland ber sig gjarnan saman við, þar sem réttindatöflum hefur verið breytt eða viðmiðunaráldur hækkaður vegna spár um hækkanði lífslíkur. Spá FÍT gerir ráð fyrir að lífslíkur þeirra sem fæddir eru um 1980 séu um 2,5 ári hærri (ef þeir ná 67 ára aldri) en þeirra sem nú eru um sjötugt og lífslíkur þeirra sem fæddir eru um 2000 séu um 3,5 árum hærri (ef þeir ná 67 ára aldri) en þeirra sem nú eru um sjötugt. Ef umrædd spá um lífslíkur verður tekin inn í réttindatöflur sjóðsins, og reynist rétt, þá leysir hún af hólmi breytingar á réttindatöflum á 3-5 ára fresti. Lífslíkur verða þó áfram rýndar á nokkurra ára fresti og spáin endurmetin í samræmi við rauntölur sem getur kallað á frekari uppfærslu á réttindatöflunum.

Í ársuppgjöri sjóðsins fyrir árið 2022, voru skuldbindingar sjóðsins metnar út frá þessum lífslíkum með lækkandi dánartíðni eftir fæðingarágöngum. Áfallin staða, þ.e. þær endurmetnu eignir sem sjóðurinn átti var borin saman við skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins. Þrátt fyrir framangreindar breytingar á væntum lífaldri reyndist hallinn einungis 2,2%, að mestu vegna þess að ávöxtun árána 2019-2021 var óvenju góð. Framtíðarstaðan, þ.e. núvirði iðgjalda sem greiðast í framtíðinni og skuldbindingar sem myndast


Töflum breytt í samræmi við mótvægisaðgerðir vegna nýs spálíkans sem felur í sér lækkandi dánartíðni



Viðauki A (framhald)

vegna þeirra var hins vegar neikvæð um 8,7% þar sem 3,5% ávöxtun nægir ekki til að greiða eftirlaun lengur er áætlað var þegar núverandi réttindatöflur voru reiknaðar og samþykktar. Samanlögð tryggingafræðileg staða sjóðsins var því neikvæð um sem nemur 5,2%, þ.e. eignir duga aðeins fyrir tæplega 95% skuldbindinga sjóðsins. Skv. 27. gr. laga 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða skulu samþykktir lífeyrissjóðs við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. 39. gr. sömu laga tilgreinir að hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skuli vera jafnhá og núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Tryggingafræðileg staða sjóðsins gefur til kynna að þær aðstæður sem nú eru uppi hjá sjóðnum uppfylli ekki framangreind skilyrði og því nauðsynlegt að aðlaga réttindatöflur sjóðsins að uppfærðum forsendum.

Réttindatöflur þurfa að endurspegla staðalforsendur, þ.e. lífslíkur og örorkulíkur svo að eignir sjóðsins skiptist á sanngjarnan hátt á milli kynslóða. Ef ekki er brugðist við aukningu á lífslíkum þá fá eftirlaunaþegar stærri hlut úr sjóðnum en þeim ber og minna verður eftir fyrir yngri árgangana. Í drögum að tillögum að breytingum á réttindatöflum Stapa er gert ráð fyrir að viðmiðunaráldur eftirlauna verði áfram 67 ár og sjóðfélagar velja eftir sem áður hvenær þeir fara á eftirlaun, þ.e. hvenær sem er á aldrinum 60-80 ára. Töflu II í samþykktum sjóðsins sem ákvarðar hversu há mánaðarleg eftirlaun fást fyrir 100.000 kr. réttindasjóð verður hins vegar skipt upp eftir fæðingarárgöngum. Mikilvægt er að halda því til haga að réttindasjóður til eftirlauna er ekki lækkaður eða skertur. Hins vegar fjölgar áætluðum ólífuduðum mánuðum eftir viðmiðunaráldur eftirlauna og því þarf réttindasjóðurinn að dreifast á fleiri áætlaða ólífaða mánuði sem veldur því að áætluð mánaðarleg eftirlaun til æviloka lækka að öðru óbreyttu. Þar sem nýjar staðalforsendur sem fjármálaráðherra hefur staðfest gera ráð fyrir lækkandi dánartíðni eftir fæðingarárgöngum eru áhrifin á áætluð eftirlaun mismunandi eftir fæðingarárgöngum. Þ.e. Breytingin mun ekki hafa áhrif hjá þeim sem þegar hafa hafið töku eftirlauna. Áhrifin verða minnst hjá sem eiga stutt í eftirlaunaaldur. Breytingin er hins vegar mest hjá þeim sem yngstir eru, enda áætlað að þeir nái hærri aldri en fyrri árgangar og réttindasjóður þeirra dreifist þannig á fleiri ólífaða mánuði. Fyrir einstakling fæddur árið 1955 þýðir breytingin þannig um 4% lægri áætluð eftirlaun við 67 ára aldur en fyrir einstakling fæddur árið 2005 yrðu áætluð eftirlaun 14% lægri en samkvæmt gildandi réttindatöflum. Hafa þarf í huga að undanfarin ár og áratugi hafa áætluð eftirlaun lækkað á 3-5 ára fresti í kjölfar reglubundinnar uppfærslu á staðalforsendum sem sýndu sífellt hækkanði meðallífaldur. Breytingin gefur því yngri árgöngunum réttari mynd af áætluðum eftirlaunum strax, í stað þess að áætlunin lækki alltaf á 3-5 ára fresti eins fyrri framkvæmd felur óhjákvæmilega í sér.



Aðlögun að breyttri framsetningu á réttindatöflum í Viðauka A

Greinar 17.5, 18.1, 19.1, 19.5 og 19.13

Aðlögun að breyttri framsetningu á réttindatöflum í Viðauka A

Greinar 17.5, 18.1, 19.1, 19.5 og 19.13

- Í greinum 17.5, 18.1, 19.1, 19.5 og 19.13 er vísað í töflur í Viðauka A
- Verði tillögur um breytingar á töflum í Viðauka A samþykktar þarf að breyta tilvísunum í framangreindum greinum á þann veg að þær tilgreina einnig að fæðingarár komi til skoðunar við úrskurð réttinda



Orðið er laust
Samþykktarbreytingar



Atkvæðagreiðsla um samþykktarbreytingar

Atkvæðagreiðsla um samþykktarbreytingar

- Hver tillaga að samþykktarbreytingu fyrir sig verður borin upp til atkvæða
- Á þessu er ein undantekning þar sem allar tillögur að samþykktarbreytingum sem snúa að mótvægisáðgerðum vegna hækkandi meðallífaldurs verða bornar undir ársfundinn saman
 - Viðauki A og greinar 13.1, 17.5, 18.1, 19.1, 19.5 og 19.13
- Glæru með samþykktarbreytingu verður varpað upp og fulltrúar greiða atkvæði með handauppréttingu með þar til gerðu atkvæðaskjali



Tilvísun í kafla laga sem gilda um rekstur sjóðsins uppfærð

Grein 6.2

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Grein 6.2

Fjárfestingar sjóðsins og fjárfestingarstefna hans skulu vera í samræmi við heimildir laga og uppfylla allar þær kröfur um form og efni, sem gerðar eru í ófrávíkjanlegum ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú VII. kafla laga nr. 129/1997, og bindandi stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma og gildir það um allar deildir sjóðsins.

Um breytingu á grein 6.2:

Hér er bætt við tilvísun til VII. kafla A í lögum um lífeyrissjóði en sá kafli fjallar um fjárfestingarheimildir fyrir það fé sem ætlað er að veita viðbótartryggingavernd, þ.e. einkum séreignarsparnað. Þar sem 6. samþykkt á við um allar deildir Stapa, þ.e. bæði samtryggingar- og séreignardeildir, er eðlilegt að vísa líka til VII kafla A í þessu ákvæði.

Grein 6.2 eftir breytingu

Fjárfestingar sjóðsins og fjárfestingarstefna hans skulu vera í samræmi við heimildir laga og uppfylla allar þær kröfur um form og efni, sem gerðar eru í ófrávíkjanlegum ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú VII. kafla og VII. kafla A, laga nr. 129/1997, og bindandi stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma og gildir það um allar deildir sjóðsins.

Grein 6.3

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Grein 6.3

Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignaflokkum. Þar skal enn fremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins kynna fjárfestingarstefnuna, sbr. grein 3.10.3. Mismunandi deildir sjóðsins geta haft mismunandi fjárfestingastefnu.

Um breytingu á grein 6.3:

Hér er lagt til að fella út tilvísun sem er orðin röng þar sem láðist að uppfæra hana við breytingu á samþykktum fyrir nokkrum árum en hún er einnig óþörf. Í grein 3.11.4. samþykktunum segir að stjórn skuli kynna fjárfestingarstefnu á ársfundi og því er ekki þörf á að endurtaka þá kröfu hér.

Grein 6.3 eftir breytingu

Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignaflokkum. Þar skal enn fremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. ~~Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins kynna fjárfestingarstefnuna, sbr. grein 3.10.3.~~ Mismunandi deildir sjóðsins geta haft mismunandi fjárfestingastefnu.

Grein 8.1

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Grein 8.1

Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því að tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum tilnefndum af Stapa lífeyrissjóði og oddamanni tilnefndum af Héraðsdómi Norðurlands eystra. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurpþöku. Sjóðstjórn er skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Gerðardómurinn skal hafa lokið við að leggja dóm innan eins mánaðar frá því að öll gögn eru fram komin í máli. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

Um breytingu á grein 8.1:

Ekki er um efnislega breytingu að ræða en breytingunni er ætlað að skýra meðferð ágreiningsmála og taka af öll tvímæli um það mál sem sjóðfélagi vísar til gerðardóms þurfi að varða þann sjóðfélagi, þ.e. að sjóðfélaginn þurfi að hafa lögmeata hagsmuni af niðurstöðu málsins. Ákvæðinu hefur frá upphafi verið ætlað að innleiða kröfur sem fram koma í 5 mgr. 18. gr. og 33. gr. laga nr. 129/1997. Samkvæmt þeim lagaákvæðum á sjóðfélagi ávallt rétt á skriflegum rökstuðningi að baki ákvörðunum er hann varða og í slíkri rökstuddri ákvörðun skal koma fram að henni megi skjóta til gerðardóms vilji sjóðfélagi ekki una henni. Samkvæmt orðanna hljóðan mætti mistúlka ákvæðið í núverandi mynd þannig að sjóðfélagi geti skotið hvaða úrskurði stjórnar sem er til gerðardóms. Með hliðsjón af orðalagi framangreindra lagaákvæða er slíkur skilningur hins vegar ótækur og stjórn leggur því til breytingu til að koma í veg fyrir slíka mistúlkun.

Grein 8.1 eftir breytingu

Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli, er hann **varðar og hann eða umboðsmaður hans** hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því að tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum tilnefndum af Stapa lífeyrissjóði og oddamanni tilnefndum af Héraðsdómi Norðurlands eystra. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurpþöku. Sjóðstjórn er skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Gerðardómurinn skal hafa lokið við að leggja dóm innan eins mánaðar frá því að öll gögn eru fram komin í máli. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

Grein 14.1

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Grein 14.1

Markmið Tryggingadeildar sjóðsins er að veita lágmarkstryggingavernd í samræmi við ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og kjarasamninga, eins og nánar er kveðið á um í samþykktum þessum.

Grein 14.1 eftir breytingu

Markmið Tryggingadeildar sjóðsins er að veita lágmarkstryggingavernd í samræmi við ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og kjarasamninga, eins og nánar er kveðið á um í samþykktum þessum.
Lágmarkstryggingavernd miðast við að innborgun hefjist við 20 ára aldur.

Um breytingu á grein 14.1:

Breytingin er gerð með vísan til 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 391/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Breytingin felur í sér áréttingu á gildandi framkvæmd og því er ekki um efnisbreytingu að ræða. Samkvæmt framangreindri reglugerð á útreikningur á lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir að taka mið af því að iðgjald sé greitt í 40 ár og að inngreiðslur hefjist þegar einstaklingur hefur náð 20 til 30 ára aldri. Viðmiðunaráldur skal tilgreindur í samþykktum og er verið að bæta úr því hér.

Skert á skilgreiningu á lágmarksiðgjaldi í samræmi við lagatexta

Grein 16.1

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Grein 16.1

Iðgjald til tryggingadeildar lífeyrissjóðsins skal vera að lágmarki 12%. Sjóðfélaga er heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi af iðgjaldastofni umfram 12% í tilgreinda séreignardeild sbr. D-kafla samþykka þessara, enda sé mælt fyrir um slíkt í kjara- eða ráðningarsamningi. Komi ekki fram ósk frá sjóðfélaga um að framlagi umfram 12% sé ráðstafað í tilgreinda séreign skal því ráðstafað til tryggingadeildar. Iðgjald skal greitt af launum sjóðfélaga 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í greinum 16.2. eða 16.3., og mynda þau rétt til tryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykka sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að hækka iðgjald til tryggingarverndar frá því sem kjara- eða ráðningarsamningur segir til um, umfram ofangreint lágmark enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins.

Um breytingu á grein 16.1:

Tillagan snýr að því að aðlaga ákvæðið að núgildandi lögum en þann 1. janúar 2023 hækkaði lögbundið lágmarksframlag í lífeyrissjóð úr 12% í 15,5%. sbr. þó bráðabirgðaákvæði V við lögin. Einnig var settur lagagrundvöllur undir ákvæði um tilgreinda séreign en slíkur lífeyrissparnaður byggði áður aðeins á ákvæðum kjara- eða ráðningarsamninga. Ekki þykir því lengur rétt að hafa það skilyrði í samþykktum að ráðstöfun í tilgreinda séreign sé háð því skilyrði að kveðið séu á um hana í kjara- eða ráðningarsamningi og er því lagt til að það verði felld út.

Grein 16.1 eftir breytingu

Iðgjald til tryggingadeildar lífeyrissjóðsins skal vera að lágmarki ~~12~~**15,5%** ~~nema ef kveðið er á um annað í kjarasamningi~~. Sjóðfélaga er heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi af iðgjaldastofni umfram 12% í tilgreinda séreignardeild sbr. D-kafla samþykka þessara. ~~Enda sé mælt fyrir um slíkt í kjara- eða ráðningarsamningi. Komi ekki fram ósk frá sjóðfélaga um að framlagi umfram 12% sé ráðstafað í tilgreinda séreign skal því ráðstafað til tryggingadeildar.~~ Iðgjald skal greitt af launum sjóðfélaga 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í greinum 16.2. eða 16.3., og mynda þau rétt til tryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykka sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að hækka iðgjald til tryggingarverndar frá því sem kjara- eða ráðningarsamningur segir til um, umfram ofangreint lágmark enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins.

Grein 16.7

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Grein 16.7

Tvisvar á ári skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðnum er heimilt að skila yfirlitum með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski þeir eftir því eða ef lög eða stjórnvaldsfyrirmæli heimila rafræn skil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

Grein 16.7 eftir breytingu

Tvisvar á ári skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðnum er heimilt að skila yfirlitum með rafrænum hætti til sjóðfélaga nema þeir óski sérstaklega eftir þeim á pappírsmi. ~~þeir eftir því eða ef lög eða stjórnvaldsfyrirmæli heimila rafræn skil.~~ Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits ~~eða birtingu auglýsingar, sé það síðar,~~ og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

Um breytingu á grein 16.7:

Þar sem búið er að heimila rafræn sjóðfélagayfirlit er lagt til að þau verði meginreglan en unnt verði að óska sérstaklega eftir yfirlitum á pappír. Einnig er lagt er til að fella út orðin „eða birtingu auglýsingar, sé það síðar“ sem hefðu með réttu átt að falla út þegar fellt var niður ákvæði um að sjóðurinn skyldi með opinberri auglýsingu skora á launagreiðendur að gera sjóðnum viðvart um ætluð vanskil samhliða útsendingu yfirlita.

Skert á skilgreiningu á réttindaöflun í samræmi við lagatexta

Grein 17.1

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Grein 17.1

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í lífeyrissjóðinn hverju sinni, auk ávöxtunar á eignum hans. Árlegu iðgjaldi sjóðfélaga, að frádregnum kostnaðarhluta, er skipt í söfnunarþátt og tryggingaþátt. Lögbundið framlag til starfsendurhæfingarsjóða telst kostnaðar í þessu sambandi. Söfnunarþátturinn myndar réttindi sjóðfélagans til eftirlauna skv. 18. grein, en tryggingaþátturinn rétt hans til áfallatrygginga skv. greinum 19-21 auk réttinda skv. gr. 17.5-17.7. Áfallatryggingar skiptast í örorku-, maka- og barnalífeyri. Skipting iðgjaldsins milli söfnunarþátta og tryggingaþátta er háð aldri sjóðfélaga og fer eftir töflu I í viðauka A. Söfnunarþáttur iðgjalds myndar réttindasjóð, sem ávaxtast í samræmi við eignavísitölu sjóðsins skv. grein 17.3. Réttindasjóður hvers sjóðfélaga er ekki séreign, heldur reiknaður hluti af þeim eignum sem sameiginlega tryggja eftirlaun sjóðfélaga. Réttindasjóður erfist ekki við fráfall. Falli sjóðfélagi frá áður en taka eftirlauna hefst rennur réttindasjóður hans til aukningar á réttindasjóðum annarra sjóðfélaga sbr. ákvæði gr. 17.2. Við töku eftirlauna er réttindasjóði breytt í mánaðarleg eftirlaun í samræmi við töflu II í viðauka A.

Grein 17.1 eftir breytingu

Með greiðslum iðgjalda aflar sjóðfélagi sér réttinda til eftirlauna og örorkulífeyris og maka sínum og börnum rétt til maka- og barnalífeyris eftir því sem kveðið er á um í 18. – 21. gr. og á grundvelli þeirra réttindataflna sem fram koma í viðauka A við samþykktir þessar og teljast hluti þeirra.

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris eru reiknuð í íslenskum krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í lífeyrissjóðinn hverju sinni, auk ávöxtunar á eignum hans. Árlegu iðgjaldi sjóðfélaga, að frádregnum kostnaðarhluta, er skipt í söfnunarþátt og tryggingaþátt. Lögbundið framlag til starfsendurhæfingarsjóða telst kostnaðar í þessu sambandi. Söfnunarþátturinn myndar réttindi sjóðfélagans til eftirlauna skv. 18. grein, en tryggingaþátturinn rétt hans til áfallatrygginga skv. greinum 19-21 auk réttinda skv. gr. 17.5-17.7. Áfallatryggingar skiptast í örorku-, maka- og barnalífeyri. Skipting iðgjaldsins milli söfnunarþátta og tryggingaþátta er háð aldri sjóðfélaga og fer eftir töflu I í viðauka A. Söfnunarþáttur iðgjalds myndar réttindasjóð, sem ávaxtast í samræmi við eignavísitölu sjóðsins skv. grein 17.3. Réttindasjóður hvers sjóðfélaga er ekki séreign, heldur reiknaður hluti af þeim eignum sem sameiginlega tryggja eftirlaun sjóðfélaga. Réttindasjóður erfist ekki við fráfall. Falli sjóðfélagi frá áður en taka eftirlauna hefst rennur réttindasjóður hans til aukningar á réttindasjóðum annarra sjóðfélaga sbr. ákvæði gr. 17.2. Við töku eftirlauna er réttindasjóði breytt í mánaðarleg eftirlaun í samræmi við aldur og fæðingarárgang samanber töflu II í viðauka A.

Um breytingu á grein 17.1:

Hér er einkum um að um að ræða óefnislegar orðalagsbreytingar sem eru til nánari fyllingar og samræmingar við ákvæði laga nr. 129/1997. Þá er hnykkt á því að eftir þær breytingar sem nú eru lagðar til á réttindatöflum er fæðingarárgangur orðin sérstök breyta sem hefur áhrif á réttindi sjóðfélaga til viðbótar við aldur sem áður var eina breytan í þessu sambandi.

Breytingar á fyrirkomulagi frestunar á töku eftirlauna

Grein 18.4

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Grein 18.4

Eftirlaunaréttindi sem sjóðfélagar afla sér með greiðslu iðgjalda eftir 67 ára aldur koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri tilkynningu sjóðfélaga. Greiða skal þó eftirlaun eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn án sérstakrar tilkynningar frá sjóðfélaga. Vilji sjóðfélagi fresta töku eftirlauna lengur en til 70 ára aldurs þarf hann að sækja um það sérstaklega. Við 70 ára aldur skal endurskoða lífeyri sjóðfélaga, sem hafið hefur töku lífeyris við 67 ára aldur eða síðar, án sérstakrar tilkynningar. Skal þá bætt við þeim lífeyrisrétti sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér með söfnun í réttindasjóð eftir að hann hóf töku lífeyris. Réttindin veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 20. greinar.

Grein 18.4 eftir breytingu

Eftirlaunaréttindi sem sjóðfélagar afla sér með greiðslu iðgjalda eftir 67 ára aldur koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri tilkynningu sjóðfélaga. Við 70 ára, 75 ára og 80 ára aldur skal senda sjóðfélögum sem ekki hafa hafið töku eftirlauna upplýsingar um lífeyrisréttindi þeirra og hvernig sækja megi um eftirlaun. Greiða skal þó eftirlaun eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn án sérstakrar tilkynningar frá sjóðfélaga. Vilji sjóðfélagi fresta töku eftirlauna lengur en til 70 ára aldurs þarf hann að sækja um það sérstaklega. Við 70 ára aldur skal endurskoða lífeyri sjóðfélaga, sem hafið hefur töku lífeyris við 67 ára aldur eða síðar, án sérstakrar tilkynningar. Skal þá bætt við þeim lífeyrisrétti sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér með söfnun í réttindasjóð eftir að hann hóf töku lífeyris. Réttindin veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 20. greinar.

Um breytingu á grein 18.4:

Samþykktir sjóðsins kveða á um að sjóðfélaga er heimilt að hefja töku eftirlauna hvenær sem er á aldrinum 60 ára til 80 ára. Núgildandi ákvæði greinar 18.4 gera hins vegar fortakslausa kröfu á sjóðinn um að úrskurða sjóðfélaga eftirlaun við 70 ára aldur sæki hann ekki sérstaklega um frestun eftirlauna. Þetta ákvæði er ekki talið endurspegla frelsi sjóðfélaga til að hefja töku lífeyris á framangreindu aldursbili. Því er lagt til að í stað þess að úrskurða eftirlaun við 70 ára aldur hafi ekki verið sérstaklega sótt um frestun eftirlauna verði sjóðfélagar upplýstir sérstaklega um lífeyrisréttindi sín og hvernig sækja megi um eftirlaun við 70 ára, 75 ára og 80 ára aldur. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði samþykta annarra íslenskra lífeyrissjóða og því einnig til samræmingar á framkvæmd. Eftir sem áður gilda ákvæði frestunarhækkunar vegna frestun á töku eftirlauna sbr. Töflu II í Viðauka A í samþykktum sjóðsins.

Grein 18.5

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Grein 18.5

Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku eftirlauna hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku á hálfum eftirlaunum hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta eftirlaunaréttinda sinna, sbr. grein 18.3.

Þrátt fyrir skilyrði greinar 18.6 um 67 ára aldur og 12 mánaða bindingu getur sjóðfélagi sem hafið hefur töku eftirlauna við gildistöku þessa ákvæðis, með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, farið fram á hálf eftirlaun.

Um breytingu á grein 18.5:

Lagt er til að 2. mgr. greinarinnar verði felld út þar sem hún er úrelt.

Grein 18.5 eftir breytingu

Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku eftirlauna hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku á hálfum eftirlaunum hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta eftirlaunaréttinda sinna, sbr. grein 18.3.

~~Þrátt fyrir skilyrði greinar 18.6 um 67 ára aldur og 12 mánaða bindingu getur sjóðfélagi sem hafið hefur töku eftirlauna við gildistöku þessa ákvæðis, með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, farið fram á hálf eftirlaun.~~

Áréttað að sjóðfélagi sem sækir um örorkulífeyri skili gögnum til sjóðsins fremur en stjórnar sjóðsins



Grein 19.11

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Grein 19.11

Örorkumat skal framkvæmt af trúnaðarlækni sjóðsins, tryggingalækni eða teymi sérfræðinga sem hefur fagþekkingu á þessu sviði. Örokumat skal miðast við læknisfræðilegar forsendur og fylgja reglum um örorkumat sem settar hafa verið. Við mat á orkutapi skal sérstaklega líta til þess hver starfshæfni og vinnugeta viðkomandi umsækjanda er og möguleikar hans til að ná aftur bata og starfsgetu með rétttri endurhæfingu

Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins eða öðrum lækni eða heilbrigðisstarfsmanni sem hann vísar til. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá og telst hún þá úr gildi fallin. Sama gildir ef fullnægjandi upplýsingum er ekki skilað við endurmat á örorku sbr. gr.19.10. Skili sjóðfélagi inn fullnægjandi gögnum, eftir að réttur hans til greiðslu hefur fallið niður vegna þess að gögnum var ekki skilað inn fyrir réttan tíma, fær hann að nýju rétt frá þeim tíma til að fá greiðslur, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Heimilt er sjóðnum í því tilviki að greiða sem nemur greiðslum allt að 9 mánuðum aftur í tímann.

Grein 19.11 eftir breytingu

Örorkumat skal framkvæmt af trúnaðarlækni sjóðsins, tryggingalækni eða teymi sérfræðinga sem hefur fagþekkingu á þessu sviði. Örokumat skal miðast við læknisfræðilegar forsendur og fylgja reglum um örorkumat sem settar hafa verið. Við mat á orkutapi skal sérstaklega líta til þess hver starfshæfni og vinnugeta viðkomandi umsækjanda er og möguleikar hans til að ná aftur bata og starfsgetu með rétttri endurhæfingu

Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta **stjórn-sjóðnum** í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins eða öðrum lækni eða heilbrigðisstarfsmanni sem hann vísar til. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá og telst hún þá úr gildi fallin. Sama gildir ef fullnægjandi upplýsingum er ekki skilað við endurmat á örorku sbr. gr.19.10. Skili sjóðfélagi inn fullnægjandi gögnum, eftir að réttur hans til greiðslu hefur fallið niður vegna þess að gögnum var ekki skilað inn fyrir réttan tíma, fær hann að nýju rétt frá þeim tíma til að fá greiðslur, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Heimilt er sjóðnum í því tilviki að greiða sem nemur greiðslum allt að 9 mánuðum aftur í tímann.

Um breytingu á grein 19.11:

Lögð er til breyting á orðalagi til samræmis við raunverulega framkvæmd mála hjá sjóðnum.

Grein 23.1

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Grein 23.1

Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda óski sjóðfélagi eftir slíkri endurgreiðslu, hún sé ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum, kostnað vegna tryggingaverndar sem sjóðfélaginn hefur notið og kostnað vegna umsýslu að mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Við endurgreiðslu til sjóðfélaga samkvæmt þessari grein falla niður allar kröfur viðkomandi sjóðfélaga á hendur sjóðnum vegna hinna endurgreiddu iðgjalda

Um breytingu á grein 23.1:

Um er að ræða minni háttar breytingu til skýringar á texta ákvæðisins. Lagt er til að ákvæðið kveði á um að tryggingastærðfræðingur leggi til forsendur sem miðað er við í stað þess að notast við orðið mat.

Grein 23.1 eftir breytingu

Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda óski sjóðfélagi eftir slíkri endurgreiðslu, hún sé ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum, kostnað vegna tryggingaverndar sem sjóðfélaginn hefur notið og kostnað vegna umsýslu ~~að~~ mat ~~isamkvæmt forsendum~~ tryggingastærðfræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Við endurgreiðslu til sjóðfélaga samkvæmt þessari grein falla niður allar kröfur viðkomandi sjóðfélaga á hendur sjóðnum vegna hinna endurgreiddu iðgjalda

Breytingar á meðferð iðgjalda sjóðfélaga sem eru yngri en 16 ára og eldri en 70 ára



Grein 23.2

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Grein 23.2

Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem ekki hafa náð 16 ára aldri eða sem náð hafa 70 ára aldri sbr. 16.1, og 17.4, skal hann endurgreiða viðkomandi sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldahluta þeirra og skapast þá ekki réttur hjá sjóðnum vegna þessara iðgjalda. Skal endurgreiðslan eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári, sbr. þó ákvæði gr. 23.3.

Grein 23.2 eftir breytingu

Iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru 70 ára eða eldri skulu lögð inn í séreignardeild sjóðsins í nafni sjóðfélaga í þá fjárfestingarleið sem ber minnstu áhættu hjá sjóðnum á hverjum tíma, nema sjóðfélagi ákveði aðra fjárfestingarleið. Skal þá leggja inn bæði iðgjald sjóðfélaga og mótframlag launagreiðanda. Skal tilkynna viðkomandi sjóðfélaga um slíka ráðstöfun. Fer um útgreiðslu eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar. Sama gildir um iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru yngri en 16 ára nema launagreiðandi eða viðkomandi sjóðfélagi tilkynni sjóðnum innan 6 mánaða frá greiðslu að greiðslan hafi verið greidd vegna mistaka. Skal þá endurgreiða sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldshluta hvors um sig.

~~Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem ekki hafa náð 16 ára aldri eða sem náð hafa 70 ára aldri sbr. 16.1, og 17.4, skal hann endurgreiða viðkomandi sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldahluta þeirra og skapast þá ekki réttur hjá sjóðnum vegna þessara iðgjalda. Skal endurgreiðslan eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári, sbr. þó ákvæði gr. 23.3.~~

Um breytingu á grein 23.2:


Lögð er til ný grein 23.2. Undanfarin ár hefur verið nokkur óvissa um það hvernig farið skuli með iðgjöld sem borguð eru til sjóðsins vegna aðila sem eru yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára en samkvæmt lögum og kjarasamningum nær skyldan til að greiða í lífeyrissjóð aðeins til launafólks og þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og eru á aldursbilinu 16-70 ára. Hjá Stapa var framkvæmd lengi vel þannig að þegar iðgjöld bárust vegna aðila utan þess aldursbils voru þau lögð í séreignardeild í nafni viðkomandi og byggði sú framkvæmd á undanþáguákvæði í samþykktum Stapa. Á ársfundi 2021 var samþykktar breytingar á samþykktum sem ætlað var að gera umrædda undantekningarreglu að meginreglu. Fjármálaeftirlitið féllst hins vegar ekki á þá breytingu og gekk hún því ekki í gildi. Í umsögn fjármálaeftirlitsins í tengslum við þá breytingu var ákvörðun fjármálaeftirlitsins rökstudd og mátti skilja rökstuðninginn þannig að undantekningarreglan sem fylgt hafði verið í framkvæmd Stapa í all nokkur ár væri ekki lögmæt og á ársfundi 2022 var hún felld úr gildi. Við nánari rýni kom hins vegar í ljóst að ekki var fyllilega réttur skilningur lagður í umsögn fjármálaeftirlitsins við breytinguna 2021 af hálfu Stapa og því gekk breytingatillagan sem samþykkt var á ársfundi 2022, þ.e. að fella ákvæðið úr gildi, lengra en efni stóðu til. Með þeirri tillögu sem hér er lögð fram er ætlunin að endurvekja fyrri framkvæmd en þó þannig að hún standist ákvæði laga m.v. þau viðmið og sjónarmið sem fram komu í umsögn fjármálaeftirlitsins í tengslum við samþykktabreytingar 2021.

Mótvægisaðgerðir vegna hækkandi meðalaldurs

Viðauki A og greinar 13.1, 17.5, 18.1, 19.1, 19.5 og 19.13

ATKVÆÐAGREIÐSLA

- Grein 13.1: Ákvæði um gildistöku nýrra samþykka bætt við til að tryggja hnökralausa innleiðingu breytinga á réttindatöflu.
- Viðauki A: Töflum breytt í samræmi við mótvægisaðgerðir vegna nýs spálíkans sem felur í sér lækkandi dánartíðni.
- Í greinum 17.5, 18.1, 19.1, 19.5 og 19.13 eru tilvísun í fæðingarárgang sjóðfélaga bætt við í samræmi við breytingar á Viðauka A.



6. Stjórnarkjöri lýst

Tilnefning stjórnarmanna

Fulltrúaráð sjóðsins hefur staðfest tilnefningar stjórnarmanna til næstu tveggja ára.

Tilnefningarnar eru feitletraðar hér að neðan en stjórn sjóðsins verður þannig skipuð:

Frá atvinnurekendum

- **Elsa Björg Pétursdóttir (til 2025)**
- **Kristinn Kristófersson (til 2025)**
- **Dagmar Ýr Stefánsdóttir (til 2024)**
- **Valdimar Halldórsson (til 2024)**

Varamenn

- **Guðrún Ingólfssdóttir (til 2025)**
- **Páll Snorrason (til 2024)**

Frá launþegum

- **Björn Snæbjörnsson (til 2025)**
- **Sigríður Dóra Sverrisdóttir (til 2025)**
- **Guðný Hrund Karlsdóttir (til 2024)**
- **Oddný María Gunnarsdóttir (til 2024)**

Varamenn

- **Heimir Kristinsson (til 2025)**
- **Ásdís Helga Jóhannsdóttir (til 2024)**



7. Kosning löggilts endurskoðanda



- Stjórn Stapa leggur til að KPMG ehf. verði endurskoðandafyrirtæki sjóðsins á árinu 2023



Orðið er laust

Kosning löggilts endurskoðanda



8. Starfskjarastefna

A. Megináherslur í starfskjarastefnu Stapa lífeyrissjóðs eru:

1. Grunnlaun. Stapi lífeyrissjóður býður sanngjörn og samkeppnishæf grunnlaun í samræmi við hæfni einstaklinga og markaðsaðstæður. Stapi lífeyrissjóður greiðir sambærileg laun fyrir sambærilegt vinnuframlag.
2. Sveigjanleiki. Stapi lífeyrissjóður leggur áherslu á að vera sveigjanlegur vinnustaður og kemur til móts við þarfir bæði starfsmanna, sjóðfélaga og annarra viðskiptavina. Stapi lífeyrissjóður telur það mikilvæga hvatningu að starfsmenn geti samræmt starf sitt öðrum hlutverkum lífsins. Starfsmenn geta því samið um sveigjanlegan vinnutíma og reynt er eftir föngum að taka tillit til óska starfsmanna, þó aldrei þannig að það bitni á sjóðfélögum eða öðrum viðskiptamönnum sjóðsins.

Starfskjarastefna

Breytingar frá fyrra ári

B. Framkvæmd starfskjarastefnu Stapa lífeyrissjóðs.


1. Starfskjör stjórnarmanna. Stjórnarmenn fá greidd stjórnarlaun í samræmi við ákvörðun ársfundar hverju sinni. Nefnd um laun stjórnar skilar tillögu um laun stjórnar [og undirnefnda stjórnar](#) til ársfundar. Nefndin starfar samkvæmt ákvæðum samþykktá sjóðsins og starfsreglum um störf nefndarinnar. Almenn er miðað við að stjórnarlaun hjá Stapa séu sambærileg og greitt er fyrir viðlíka stjórnarstörf að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar.
2. Starfskjör framkvæmdastjóra. Stjórn gerir skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem gerð er grein fyrir öllum starfskjörum hans [s.s. föstum launum, lífeyrisréttindum, orlofi, uppsagnarfresti og öðrum hlunnindum](#).
3. Starfskjör stjórnenda og lykilstarfsmanna. Framkvæmdastjóri gerir skriflega ráðningarsamninga við stjórnendur og lykilstarfsmenn þar sem gerð er grein fyrir starfskjörum og skulu þau taka tillit til markaðsaðstæðna og fylgja lögum og reglum og kjarasamningum hverju sinni.
4. Starfskjör annarra starfsmanna. Skriflegir ráðningarsamningar eru gerðir við aðra starfsmenn þar sem gerð skal grein fyrir starfskjörum og taka þau tillit til aðstæðna á vinnumarkaði og fylgja lögum og reglum og kjarasamningum hverju sinni.
5. Kaupaukar. Ekki eru í gildi nein kaupaukakerfi hjá Stapa lífeyrissjóði.
6. Yfirvinna. Við það skal miðað að við venjulegar aðstæður rúmist sú vinna sem inna þarf að hendi vegna starfsemi sjóðsins innan þeirra marka sem sett eru í ráðningarsamningum starfsmanna. Framkvæmdastjóri sjóðsins hefur þó heimild til að samþykkja yfirvinnu til handa starfsmönnum, s.s. vegna álags sem upp kann að koma vegna sérstakra aðstæðna.

Starfskjarastefna sjóðsins skal endurskoðuð árlega og borin undir ársfund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir sjóðinn og stjórn hans. Stjórn sjóðsins skal færa til bókar í fundargerðarbók frávik frá starfskjarastefnunni, ef einhver eru, og kynna á næsta ársfundi.



Orðið er laust
Starfskjarastefna



9. Ákvörðun um laun stjórnar og nefnda



Tillögur um laun stjórnar og nefnda

Í samræmi við tillögu nefndar um laun stjórnar gerir stjórn tillögu um að stjórnar- og nefndarlaun Stapa hækki í samræmi við launavísitölu sl. 12 mánuði (8,7%) og verði eftirfarandi vegna komandi starfsárs:

- Stjórnarmaður: 88.179 kr. pr. mán og 58.785 kr. pr. mætingu á fund
 - Formaður stjórnar: 176.358 kr. pr. mán og 117.572 kr. pr. mætingu á fund
 - Varaformaður stjórnar: 132.267 kr. pr. mán og 88.179 kr. pr. mætingu á fund
 - Varamaður í stjórn: 73.482 kr. pr. mætingu á fund
- Nefndarmenn endurskoðunarnefndar 55.228 kr. á mánuði
 - Formaður endurskoðunarnefndar 110.456 kr. á mánuði
- Nefndarmenn nefndar um laun stjórnar 146.963 kr. fyrir starfsárið
 - Formaður nefndar um laun stjórnar 220.446 kr. fyrir starfsárið



Orðið er laust
Laun stjórnar og nefnda



10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar

Framboð í nefnd um laun stjórnar

Hjá sjóðnum skal starfa nefnd um laun stjórnarmanna sem skal undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund. Í nefndinni sitja stjórnarformaður sjóðsins auk þriggja einstaklinga sem ekki eru stjórnarmenn og eru kosnir á ársfundi sjóðsins. Hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í nefndinni skal vera jafnt.

Frá atvinnurekendum

- Borghildur Rúnarsdóttir
- Jens Garðar Helgason

Frá launþegum

- Stjórnarformaður
- Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir



Orðið er laust

Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar



11. Önnur mál



Takk og bless